

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C92:09

Þjóðhagslegur ávinningur Hvalfjarðarganga

Skýrsla til Spalar hf.

Júlí 1992

Efnisyfirlit

Formáli

1. Inngangur
2. Helstu niðurstöður
3. Fræðilegur grunnur
4. Forsendur ávinningsútreikninga
 - 4.1 Þungaflutningar innanlands
 - 4.2 Fólksflutningar innanlands
 - 4.3 Umferðarspá
 - 4.4 Slysatíðni
 - 4.5 Rekstrarkostnaður, fjármagnsávinningur og fjárfesting
 - 4.6 Skattar
 - 4.7 Vaxtakrafa
5. Niðurstöður ávinningsútreikninga
6. Næmniathuganir
 - 6.1 Ferða- og tímakostnaður
 - 6.2 Verðnæmni umferðar
 - 6.3 Fjárframlög ríkisins vegna Akraborgar
 - 6.4 Umferðarspá
 - 6.5 Vaxtakrafa
 - 6.6 Hagvöxtur
 - 6.7 Kostnaður þess að fresta framkvæmdum
7. Á að selja opinbera þjónustu?

Heimildir

Viðaukar

Formáli

Spölur hf. fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í mars 1992 að gera athugun á þjóðhagslegum ávinningi jarðganga undir Hvalfjörð, umframbyrði vegna skatts á ferðum um göngin og umframbyrði vegna verðlagningar. Undirritaður hafði, ásamt Þórólfi Matthíassyni, lektor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, umsjón með verkinu en það var unnið af Ingólfi H. Bender, hagfræðingi.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
1 júlí 1992,

Guðmundur Magnússon
forstöðumaður

1. Inngangur

Göng undir Hvalfjörð eru fjárhagslega með hagkvæmari stórframkvæmdum á sviði samgöngumála um þessar mundir, enda talið að gjaldtaka í rúman aldarfjórðung gæti að fullu greitt allan kostnað við þau. Yrði grafið undir fjörðinn við Hnausasker, kæmist Akranes í þjóðbraut og yrði ekki fjær Reykjavík en Keflavík er nú. Hvalfjarðargöng gætu styrkt verulega byggðaðróun um mitt Vesturland og færðu raunar allan vestur- og norðurhluta landsins nær höfuðborgarsvæðinu, en þó einkum Snæfellsnes, Dali og jafnvel Húnavatnssýslur.¹ Ljóst er að Hvalfjarðargöng munu reynast bera með sér ávinning, ekki bara fyrir frambjóðendur þ.e. ríkið og fyrirtæki í fluttningarstarfsemi heldur einnig fyrir neytendur. Efni þessarar skýrslu er að reyna að komast að því hver sé þjóðhagslegur ávinningur ganganna og hvernig hann skiptist á milli frambjóðenda og neytenda.

¹Valdimar Kristínsson, "Samgöngur og ferðamál", Fjármálatíðindi XXXVIII. árg. maí-júlí 1991, bls. 113.

2. Helstu niðurstöður

Niðurstaða í grunndæmi þeirra útreikninga sem gerðir voru í tengslum við þessa skýrslu er að þjóðhagslegur ávinningur vegna Hvalfjarðarganga er 7.106 milljónir kr. Núvirt er m.v. 7% vaxtakröfu og yfir 30 ára tímabil sem er talinn vera sá tími sem þjónustugjöld verða innheimt fyrir ganganotkunina.

Þjóðhagslegur ávinningur skiptist í ávinning neytenda og ávinning frambjóðenda. Til frambjóðenda teljast fyrirtæki í flutningastarfsemi sem reka flutningakerfi á sjó, í lofti og á landi ásamt ríkinu.² Neytendur eru hinsvegar þeir sem nota þjónustu flutningafyrirtækja. Til neytenda teljast því m.a. þau fyrirtæki í flutningastarfsemi sem nýta sér þjónustu flutningakerfanna (t.d. jarðganga). Ávinningur frambjóðenda skiptist í skatttekjur ríkisins af virðisaukaskatti sem nemur 1.427 milljónum kr., aðrar skatttekjur er nema um 620 milljónum kr. og ávinning fyrirtækja e/skatt er nemur 5.204 milljónum kr. Samanlagður ávinningur frambjóðenda þegar dregnar hafa verið frá 4.672 milljónum kr. fjárfestingar og rekstrarkostnaður verður því 2.578 milljónir kr. Hinsvegar er ávinningur neytenda talinn nema um 4.527 milljónum kr.

Umframbyrði, sem er tapaður ávinningur neytenda vegna skattlagningar og þjónustugjalda, er metin 154 milljónir kr. Umframbyrði skiptist milli umframbyrði vegna virðisaukaskatts sem nemur 6 milljónum kr. og 148 milljónum kr. vegna þjónustugjalda sem tekin eru fyrir notkun ganganna.

Mat á þjóðhagslegum ávinningi er tiltölulega næmt fyrir breytingum á umferð. Ef umferð verður 10% minni en grunnspáin gerir ráð fyrir þá lækkar þjóðhagslegur ávinningur um 1.178 milljónir kr. og verður 5.928 milljónir kr. Ef hinsvegar umferð verður 10% meiri en grunnspáin gerir ráð fyrir þá hækkar þjóðhagslegur ávinningur upp í 8.287 milljónir kr. eða um 1.181 milljónir kr. Það er því ástæða til að leggja frekari vinnu í að skjóta sterkari stöðum undir þær umferðarspár sem stuðst er við.

Ef tekið er tillit til áhrifa hagvaxtar á tímaverðmæti þá eykst þjóðhagslegur ávinningur vegna ganganna úr 7.106 milljónum kr. í 7.879 eða um 773 milljónir kr. Þessi aukning kemur fram í ávinning neytenda og frambjóðenda. Aukin ávinningur neytenda felst í því að þeir nýta tímann betur eftir tilkomu ganganna. Þeir verðleggja tíma sinn hærra eftir því sem tíminn líður og þá eykst ávinningur þeirra af göngunum. Ávinningur frambjóðenda kemur til vegna þess að sífellt stærri hluti heildarumferðar velur að fara um göngin.

Öll frestun á framkvæmdum við gangagerðina veldur því að þjóðhagslegur ávinningur vegna ganganna tapast. Ef miðað er við að framkvæmdir frestist um eitt ár þannig að þau verði opnuð á árinu 1997 í stað 1996 þá er kostnaður við það 355 milljónir kr. mældur í töpuðum, þjóðhagslegum ávinningi.

²Rétt er að gera greinarmun á flutningakerfi, vegakerfi, strandflutningakerfi annarsvegar og flutningsþjónustu, að flytja X tonn varnings eða Y fjölda farþega milli svæða.

3. Fræðilegur grunnur

Hér verður rakinn fræðilegur grunnur fyrir útreikningi og túlkun á þjóðhagslegum ávinningi Hvalfjarðarganga og skiptingu hans í neytendaábata og ávinning frambjóðenda. Einnig verður skýrt hvað er og hvernig reikna má út umframbyrði vegna skattlagningar ríkisins á þjónustugjöld fyrir flutninga um Hvalfjörð og umframbyrði vegna álagningar þjónustugjaldanna sjálfra.

1. tafla Núvirtur ávinningur af Hvalfjarðargöngum í kr.³

	Léttar bifr.	Pungar bifr.	Heildarumferð
I. Ávinningur neytenda	(8) _L	(8) _P	(8) _L +(8) _P
i. Virðisaukaskattur			
ii. Aðrir skattar	(7) _L	(7) _P	(7) _L +(7) _P
iii. Ábati fyrirt.. elskatta	(6) _L	(6) _P	(6) _L +(6) _P
iv. Fjarf.+rekstrarkostnaður			
II. Ávinningur frambj. (i+ii+iii-iv)	(5) _L	(5) _P	(5) _L +(5) _P
III. Þjóðhagsl. ávinningur (I+II)	(9) _L	(9) _P	(9) _L +(9) _P
i. Umframb. v/virðisaukask.	UBR _L	UBR _P	UBR _L +UBR _P
ii. Umframb. v/þjónustugj.	UBF _L	UBF _P	UBF _L +UBF _P
IV. Umframbyrði (i+ii)	(11) _L	(11) _P	(11) _L +(11) _P

Niðurstöður ávinningsútreikninga eru settar fram í samskonar töflu og 1. töflu. Ætlunin er að skýra hér einstaka þætti hennar og þann fræðilega grunn sem stendur að baki hverju atriði sem kemur fram í henni. Eins og sést á 1. töflu þá skiptist þjóðhagslegur ávinningur (III) í ávinning neytenda (I) og frambjóðenda (I). Ávinningur frambjóðenda er samanlagðar skatttekjur ríkisins af virðisaukaskatti(i), öðrum sköttum (ii) og ávinningi fyrirtækja eftir skatt (iii) að frádregnum fjárfestingar- og rekstrarkostnaði (iv). Hinsvegar skiptist umframbyrðin (IV) í umframbyrði vegna virðisaukaskatts (i) annarsvegar og þjónustugjalda hinsvegar (ii).


Eftirspurninni má skipta í tvennt, þ.e. umferð létttra bifreiða og umferð þunga bifreiða. Á 1. mynd hefur verið dregið upp eftirspurnarfall ($D(P)$) fyrir umferð létttra eða þunga bifreiða um Hvalfjörðinn (Q) þar sem:

³Tölurnar vísa í númer jöfnu sem nota má til að reikna út viðkomandi stærð. L stendur fyrir umferð létttra bifreiða en P fyrir umferð þunga bifreiða.

$$(1) \quad Q = \sum_{i=S,B,F} q_i$$

Hér stendur Q fyrir heildarflutninga og q_i fyrir hlutdeild flutninga i í heildarflutningum þar sem S eru skipaflutningar, B eru bifreiðaflutningar og F eru flutningar með flugi. Á 1. mynd er P vegin safnvísitala sem endurspeglar kostnað við flutninga um Hvalfjörðinn hvort sem það er fyrir mynni hans í skipi, yfir hann í flugi eða fyrir botn hans í bifreið.

1. mynd Eftirspurnarfall umferðar um Hvalfjörð



Skrifa má vísitöluna P á tímanum τ á eftirfarandi máta:

$$(2) \quad P_\tau = 100 \cdot \sum_{i=S,B,F} \left(\alpha_i \frac{P_\tau^i}{P_f^i} \right), \quad \alpha_i = \frac{q_i}{Q}$$

Þar sem α_i er vægi flutninga i í heildarflutningum og P_τ^i er verð flutninga i í kr/km á tímanum τ . Gefum okkur nú eftirfarandi gildi fyrir P :

P_f : Verðvísitalan eins og hún er í dag (ferðakostnaður+tfmakostnaður). Ljóst er að þegar $P_f^i = P_f^i$ þá er $P_f = 100$.

P_s : Verðvísitalan eins og hún væri eftir tilkomu ganganna ef þjónustugjald ganganna er P_g .

P_{st} : Verðvísitalan eins og hún væri eftir tilkomu ganganna ef virðisaukaskatturinn τ væri dreginn frá þjónustugjaldi ganganna, þ.e. $P_g/(1+\tau)$.

P_e : Verðvísitalan eins og hún væri eftir tilkomu ganganna ef ekkert gjald væri tekið fyrir notkun þeirra, þ.e. $P_g=0$.

Gefum okkur að verð flutninga í lofti P^F og á sjó P^S breyttist ekki við tilkomu ganganna, þ.a. $P_f^F = P_s^F$ og $P_f^S = P_s^S$.⁴ Þá má skrifa P_s á eftirfarandi máta:

$$(3) \quad P_s = 100 \cdot \left(\alpha_B \frac{P_s^B}{P_f^B} + \alpha_F \frac{P_s^F}{P_f^F} + \alpha_S \frac{P_s^S}{P_f^S} \right) = 100 \cdot \left(\alpha_B \frac{P_s^B}{P_f^B} + \alpha_F + \alpha_S \right)$$

P_{st} og P_e mætti síðan skrifa á samskonar máta. Á 1. mynd sést að þegar vísitalan er P_f er heildarumferð Q_f en eftir tilkomu ganganna væri vísitalan P_e ef þjónustugjöld væru engin og heildarumferð Q_e . Það sem við viljum mæla er heildarverðmæti Q_e fyrir neytandann. Ein leið til þess er að spyrja sig hversu miklar tekjur frambjóðandi, sem notaði fullkomna verðmismunun, gæti haft af Q_e . Spurningin er því þessi: Hversu miklar væru tekjur frambjóðenda á markaði sem væri þannig að frambjóðendur gætu reitt af hendi eina ferð um fjörðinn til þess neytenda sem byði hæst verð hverju sinni? Þessar tekjur eru okkar mælikvarði á heildarverðmæti Q_e fyrir neytandann og mælanlegar eins og jafna 4 segir til um:

$$(4) \quad \text{Heildartekjur} = \int_{P_e}^{P_f} D(P) dP$$

Venjulega er ekki mögulegt fyrir frambjóðendur að framfylgja verðaðgreiningu eins og lýst var hér að ofan. Frambjóðendur geta því ekki verðlagt ferðir jafnhátt og hver einstakur neytandi væri viljugur að borga fyrir hana. Nú gefum við okkur þá forsendu að ekki sé hægt að reka slíka verðaðgreiningu á markaðnum fyrir flutninga um Hvalfjörðinn og frambjóðendur verði því að meðhöndla neytendur sem einn markhóp. Frambjóðendur setja því upp eitt verð sem ákveðið er af jaðarneytandanum, þ.e. verð sem gefur gildi verðvísitölunnar P_s og selja við það gildi magnið Q_s . Ávinningur frambjóðandans væri því ferhyrningurinn:

$$(5) \quad \Delta F = Q_s(P_s - P_e)$$

⁴Í kafla 6.2 er kannað hver áhrif þess yrðu ef þessari forsendu væri aflétt þannig að verð flutninga í lofti og á sjó breyttist við tilkomu ganganna.

En þar sem virðisaukaskatturinn er reiknaður ofan á þjónustuverðið eru tekjur fyrirtækja e./skatt ekki allur ábati frambjóðenda. Tekjur fyrirtækja e./skatt væru svæðið:

$$(6) \quad TF = Q_s(P_{st} - P_e)$$

Og skatttekjur ríkisins af virðisaukaskatti væru:

$$(7) \quad STR = Q_s(P_s - P_{st})$$

Ávinningur neytenda er svæðið sem neytendur spara vegna þess að frambjóðendur geta ekki stundað fullkomna verðaðgreiningu á markaðnum. Þeir neytendur sem vildu t.d. kaupa Q_f ferðir á verðinu P_f fengju þær á verðinu P_s , þ.e.a.s. á lægra verði sem næmi $P_f P_s$. Ávinningur neytenda er því:⁵

$$(8) \quad \Delta N = \int_{P_s}^{P_f} D(P) dP$$

Þjóðhagslegur ávinningur er eins og áður sagði samanlagður ávinningur neytenda og frambjóðenda, þ.e.a.s. svæðið:

$$(9) \quad PA = \Delta F + \Delta N = Q_s(P_s - P_e) + \int_{P_s}^{P_f} D(P) dP$$

Spurningin sem þá vaknar er hvað verði um þríhyrninginn sem tapast við þessa skiptingu ábata þjóðfélagsins milli neytenda og frambjóðenda og markast af svæðinu:

$$(10) \quad UB = \int_{P_e}^{P_s} D(P) dP - Q_s(P_s - P_e)$$

Þetta er tap þjóðfélagsins vegna gjaldtöku fyrirtækisins og skattlagningar ríkisins. Ef verðið væri P_e , þá myndi umframbyrðin ásamt ávinningi frambjóðenda falla neytendum í skaut sem neytendaávinningur. En þar sem fyrirtækin velja að hafa verðið $P_s/(1-t)$ og ríkið vill leggja á skatt sem nemur $P_s(1-t)/(1-t)$ þá tapar þjóðfélagið verðmætum sem nemur þessum þríhyrningi. Þessu svæði má skipta í umframbyrði vegna gjaldtöku fyrirtækisins (UBF) og umframbyrði vegna skattlagningar ríkisins (UBR) á eftirfarandi máta:

⁵Sjá Nicholson, Walter, *Microeconomic Theory*, New York: The Dryden Press, 1985, bls. 426-432.

$$(11) \quad UB = UBF + UMR = \left(\int_{P_e}^{P_s} D(P) dP - Q_s(P_{st} - P_e) \right) + \left(\int_{P_{st}}^{P_s} D(P) dP - Q_s(P_s - P_{st}) \right)$$

Og með einföldun fæst:

$$(12) \quad UB = \int_{P_e}^{P_s} D(P) dP - Q_s(P_s - P_e)$$

Vert er að hafa í huga að það sem hér að ofan hefur verið reifað er hlutagreining, þar sem einungis er litið á ákveðinn hluta hagkerfisins. Ekki er t.d. tekið tillit til þess að ríkissjóður tapar einhverjum skatttekjum vegna minni orkunotkunar bifreiða á Hvalfjarðarleiðinni og þess að umframbyrði vegna þeirrar skattlagningar minnkar.⁶

⁶Sjá Rosen, Harvey S., 1992, bls. 328-329.

4. Forsendur ávinningsútreikninga

Ýmsar forsendur liggja að baki þeim útreikningum á þjóðhagslegum ávinningi sem gerðir voru (sjá allar töflur í viðauka og niðurstöður í kafla 5). Því þykir rétt að gera hér grein fyrir þessum forsendum. Sjálfsagt er að ítreka það að engin leið er að spá af öryggi um þróun ýmissa stærða sem áhrif hafa á niðurstöðurnar. Eðli þessara útreikninga er slíkt að óvissan eykst eftir því sem spáð er lengra fram í tímann. Ber að hafa þetta í huga þegar niðurstöður skýrslunnar eru skoðaðar.

4.1 Pungaflutningar innanlands

Markaðinum fyrir flutninga um Hvalfjörð er hægt að skipta í tvennt. Annars vegar höfum við þungaflutninga sem taka yfir flutninga á alls kyns varningi til neyslu og framleiðslu, en hins vegar höfum við fólksflutninga. Til að geta fundið þjóðhagslegan ábata ganganna er nauðsynlegt að fyrirbyggjandi séu tölur um heildarmagn flutninga (*Q*) fyrir, yfir og um Hvalfjörð.

Vöruflutningar á sjó: Varðandi strandflutninga þá hefur engin haldgóð, töluleg samantekt verið gerð á umfangi þeirra og skiptingu niður á landsvæði. Því var gripið til þess ráðs að hafa samráð við þau skipafyrirtæki sem í slíkum flutningum standa um að meta umfang þessara flutninga um strendur Íslands á árinu 1991. Vegna samkeppni milli skipafyrirtækja um markaðshlutdeild í strandflutningum sem og á öðrum mörkuðum þá voru þessar tölur látnar okkur í té sem trúnaðarmál. Því er einungis hægt að greina frá heildarmagni fluttu á strendur af hverju skipafélagi um sig og skiptingu heildarstrandflutninga allra félaga niður á landshluta.¹

Helstu niðurstöður þessarar gagna- og upplýsingasöfnunar eru þær að meginhluti innflutnings til landsins fer fram um Reykjavíkurhöfn og aðrar hafnir við Faxaflóa, allt frá Hvalfirði til Keflavíkur. Frá Reykjavík eru vöurnar fluttar til allra landshluta. Þar sem stórauðnir gámaflutningar hafa auðveldað vöruflutninga frá Reykjavík er samtímis safnað vörum frá öðrum höfnum til útflutnings frá Reykjavíkurhöfn. Skipafélögin beina þó flutningum beint til og frá útlöndum um aðrar hafnir, eftir því sem hagkvæmni leyfir. 2. mynd sýnir flutninga milli höfuðborgarsvæðisins, þ.e. Reykjavíkurhafnar og hafnarinnar á Gufunesi, og annarra landshluta; Vestfjarða, Norðurlands, Austurlands og Suðurlands á árinu 1991.


Skipaútgæta ríkisins, sem rak þrjú skip, flutti 137,5 þús. tonn af vörum 1985, og hafði magnið þrefaldast á tíu árum, en síðan hefur aukningin stöðvast og heldur dregið úr. Þannig voru flutt 120 þús. tonn árið 1990 og 99 þús. tonn árið 1991. Aukin samkeppni í vöruflutningum, bæði á sjó og landi, á sinn þátt í þessu.

¹Sjá Viðauka 1.

Eimskipafélag Íslands heldur uppi reglulegum strandsiglingum þriggja skipa frá Reykjavík suður, vestur og norður um land til Húsavíkur og til baka og einnig með föstum hringferðum um landið. Alls fluttu strandferðaskip félagsins 153 þús. tonn á árinu 1991 sem skiptast þannig að frumflutningur var um 36 þús. tonn og umhleðsla inn- og útflutningsvöru um Reykjavík 117 þús. tonn. Einnig stundar Eimskipafélagið umfangsmikla flutninga á landi, bæði með eigin bílum og í samvinnu við aðra.

Skipadeild Sambandsins (nú Samskip) hóf vikulegar strandsiglingar á miðju ári 1987. Siglt er frá Reykjavík til Vestfjarða og Norðurlands, allt til Húsavíkur og til baka. Einnig eru fluttar vörur milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. Á árinu 1991 voru flutt liðlega 74 þús. tonn í þessum ferðum.

2. mynd Vöruflutningar um íslenskar hafnir (í tonnum)



Flutningar m/s Akragorgar 1991 voru 66.650 bílar og þar af 6.802 flutningabílar og 2.332 vélar og vagnar. Ef gert er ráð fyrir 8 tonna meðalvöruflutningum á hvern flutningabíl fást 54.416 tonna vöruflutningar.²

Skilgreinum ÁDU sem meðaltalsumferð á dag yfir árið. Gerum ráð fyrir 6 tonna meðalburðargetu þungra bifreiða og að þeir flutningabílar, sem eitt sinn fara fullhlaðnir um Hvalfjörðinn, komi hlaðnir að ¼ til baka þannig að nýting burðargetu sé $50\% \cdot (100\% + 25\%) = 62,5\%$. Þá má reikna út hversu mikil aukning yrði í ÁDU þungra bifreiða um Hvalfjörðinn ef allir strandflutningar sem nú fara milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands, alls um 240.288.414 kg, færu landleiðina um fjörðinn. 13. jafna er notuð til að reikna þetta út:

$$(13) \quad \text{ÁDU}_{\text{p}} = \left(\frac{\left(\frac{240.288.414 \text{ kg}}{365} \right)}{\left(\frac{6.000 \text{ kg}}{62,5\%} \right)} \right) = 176$$

²Upplýsingar: HF Skallagrímur 12.05.92. Samkv. samtali við Helga Íbsen eru 8 tonn gróf áætlunartala sem hefur verið notuð í svo mörg ár að enginn hjá Skallagrími man lengur hvernig hún er til komin. Hinsvegar gefur Vegagerðin upp 6 tonna meðalburðargetu þungra bifreiða.


Til viðbótar er umferð þungra bifreiða sem færast yfir frá Akragorginni. Þessi umferð jafngildir aukningu um 19 í ÁDU þungra bíla, þ.e.a.s.:

$$(14) \quad \text{ÁDU}_{\text{p}} = \left(\frac{6.802 \text{ bifr.}}{365} \right) = 19$$

Heildaraukning í ÁDU þungra bifreiða er því 195 ef allir þessir flutningar fara um fjörðinn á bílum í stað skipa.

Vöruflutningar í lofti: Hægari voru heimatökin í gagnasöfnun þegar kom að vöruflutningum í lofti. Flugmálastjórn hefur reglulega gefið út tölulegar upplýsingar sem byggja á mælingum á umfangi vöru- og fólksflutninga um íslenska áætlunarflugvelli.³ Helstu niðurstöður, fengnar úr þessum gögnum, eru þær að vöruflutningar í lofti hafa dregist mikið saman á síðari árum. Þeir voru 8.487 tonn árið 1987 en hafa lækkað um rúm 24% á þremur árum og voru 7.499 tonn á árinu 1991. Bætt vegakerfi á sinn þátt í þessari þróun. Flugleiðir eru taldar vera með stærsta hluta markaðarins og á árinu 1991 fluttu þær um 41,9% af öllum vörum og pósti sem fór í innanlandsflugi um íslenska áætlunarflugvelli. 3. mynd sýnir vöru- og póstflutninga á íslenskum áætlunarflugvöllum á árinu 1991 (Keflavíkurflugvöllur ekki meðtalinn). Í heild eru flutningar í lofti 7.499.443 kg og af því eru póstflutningar 2.506.423 kg eða um 33%.

3. mynd Vöru- og póstflutningar á íslenskum áætlunarflugvöllum á árinu 1991 í kg



Ef við gerum líkt og áður ráð fyrir 6 tonna meðalburðargetu þungra bifreiða og að nýting burðargetu sé 62,5%, má reikna út hversu mikilli aukningu í ÁDU þungra

³Flugmálastjórn, flugvalladeild, "Tölfræðilegar upplýsingar 1991", Rkv. 15 feb. 1992. Sjá einnig Viðauka 2.

bifreiða um Hvalfjörðinn það ylli ef allir þungaflutningar í lofti, sem eru nú milli Reykjavíkur og staða á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi, alls um 2.243.618 kg, færu landleiðina um fjörðinn. Með hjálp 15. jöfnu sést að þessir flutningar nema aukningu í ÁDU þungra bifreiða um fjörðinn um 2.

$$(15) \quad \Delta DU_{\text{b}} = \left(\frac{\left(\frac{2.243.618 \text{ kg}}{365} \right)}{\left(\frac{6.000 \text{ kg}}{62,5\%} \right)} \right) = 2$$

Vöruflutningar á landi: Vöruflutningar með stórum vörubifreiðum eru miklir, þótt vegakerfið sé enn víða illa undir slíka flutninga búið. Nokkrir tugir fyrirtækja stunda reglubundna vöruflutninga um landið og tvær miðstöðvar í Reykjavík þjóna flestum þeirra. *Vöruflutningamiðstöðin* er stærst. Um 120 þús. tonn af vörum fara um stöðina árlega, þar af um 70 þús. frá Reykjavík og um 50 þús. til Reykjavíkur. Vaxandi fiskflutningar suður hafa minnkað mismuninn. Hin stóra stöðin nefnist *Landflutningar*, og um hana fóru á árinu 1990 um 70 þús. tonn, þar af um 50 þús. frá Reykjavík og um 20 þús. til Reykjavíkur.⁴

Árið 1989 gerði Vegagerð ríkisins umfangsmikla umferðarkönnun á Akranesvegamótum. Könnunin var gerð þrisvar sinnum, í maí, júlí og nóvember, tvo daga í senn frá átta að morgni til ellefu að kvöldi.⁵ Norska fyrirtækið Asplan notaði niðurstöður þessarar umferðarkönnunar til að komast að umfangi umferðar um Hvalfjörðinn og skiptingu hennar í umferð um Hvalfjarðargöng og umferð um fjörðinn með hjálp verðnæmnilíkans ef þjónustuverð ganganna væri 3.735 kr. fyrir þungabifreiðar en 700 kr. fyrir léttar bifreiðar. Einnig var gengið út frá spá Vegagerðarinnar um 2,2% árlega umferðaraukningu á tímabilinu 1989 til 1995. Niðurstöður Asplan eru sýndar í töflu 2.

2. tafla Áætlun ÁDU_B um Hvalfjörð á árinu 1991⁶

	ÁDU um fjörðinn	ÁDU um göngin	ÁDU _B samtals
Pungar bifr.:	36	100	136
Léttar bifr.:	257	1.172	1.429
Samtals:	292	1.272	1.564

Nú höfum við heildarumferð þungra bifreiða um Hvalfjörðinn ef allir flutningar sem nú fara á sjó og í lofti fara landleiðina um Hvalfjörð. Þessar tölur eru samanteknar í 3. töflu í kafla 4.2. Það sem ræður því hversu mikið af þessum

⁴Valdimar Kristinsson, "Samgöngur og ferðamál", Fjármálatíðindi XXXVIII. árg. maí-júlí 1991, bls. 116-117.

⁵Vegagerð ríkisins, "Umferðarkönnun á Akranesvegamótum 1989", A.Þ.Á., september 1990, bls 15-17 og viðauki IV.

⁶Sjá Viðauka 3.

flutningum mun í reynd fara í gegnum Hvalfjarðargöngin er næmni umferðar á sjó, í lofti og á landi eða næmni heildarumferðar m.t.t. breytinga í ferðakostnaði um fjörðinn. Þessi forsenda verður rædd í kafla 4.3.

4.2 Fólksflutningar innanlands

Umferð um Hvalfjörðinn var skipt í tvennt í kafla 4.1, þ.e.a.s. í umferð þungra bifreiða sem flytja vörur til neyslu og framleiðslu og umferð léttara bíla sem flytja fólki. Hér er ætlunin að kanna umfang farþegaflutninga um Hvalfjörðinn og skiptingu þeirra flutninga milli skipa, flugvéla og bifreiða.

Farþegaflutningar í lofti: Farþegaflutningar hér á landi fara að langmestu leyti fram með bifreiðum og þá aðallega einkabifreiðum, sem fjölgað hefur gífurlega á undanförunum árum og áratugum. Innanlandsflugið er engu að síður mikilvægur þáttur í farþegaflutningum hér innanlands og er hlutfallslega umfangsmikið á alþjóðlegan mælikvarða. Alls voru farþegar á íslenskum áætlunarflugvöllum 679.617 á árinu 1991 og af þeim 663.601 í áætlunar- og leiguflugi. Fjölgun erlendra ferðamanna á eflaust nokkurn þátt í að halda uppi svo miklu farþegaflugi hér innanlands. Meginhluti farþegaflugsins er á vegum Flugleiða, og hefur félagið flutt yfir 200 þús. manns á ári síðan 1974 og er áætlað að þær eigi um 66,42% af markaðinum í dag.⁷ Auk Flugleiða fljúga nokkur minni flugfélög reglulega til ýmissa staða innanlands. Flugfélag Norðurlands flýgur frá Akureyri til staða á Norðausturlandi (að meðtöldum Siglufirði og Grímsey) og einnig til Egilsstaða og Ísafjarðar. Einnig hefur verið flogið til Reykjavíkur um Ólafsfjörð og Húsavík. Þá er félagið að hefja flug milli Akureyrar og Keflavíkurflugvallar í tengslum við millilandaflugið. Félagið hefur flutt um 20 þús. farþega árlega í áætlunarflugi síðustu árin.

Íslandsflug (áður Arnarflug-Flugtak) flýgur frá Reykjavík til staða á Vestur- og Norðvesturlandi og einnig til Vestmannaeyja. Það flutti um 30 þús. farþega í áætlunarflugi á árinu 1990. Flugfélagið Ernir á Ísafirði flýgur milli staða á Vestfjörðum og einnig til Reykjavíkur í leiguflugi. Það flytur um 6 þús. farþega árlega. Flugfélag Austurlands á Egilsstöðum flýgur víða í sínum landsfjórðungi og einnig um Hornafjörð og Neskaupstað til Reykjavíkur. Félagið flytur um 5 þús. manns árlega. Eins og áður sagði var flogið með 663.601 farþega í áætlunar- og leiguflugi innanlands á árinu 1991. Þar af voru 47.286 farþegar í leiguflugi eða um 7,13%.

Gerum ráð fyrir, eins og könnun Vegagerðarinnar 1989 segir til um, að meðalfjöldi farþega í léttum bíl sem fer Hvalfjörðinn sé 1,59 og að meðalflutningsgeta rútubíla sé 40 manns og sætanýting sé 62,5% þannig að meðalfarþega fjöldi í rútu sé 25. Gerum einnig ráð fyrir að allir farþegaflutningar sem nú fara á Vesturland, Vestfirði og Norðurland, alls 173.993 farþegar, fari í léttum bifreiðum og rútum um fjörðinn í hlutfallinu 30/70. Þá er aukning í ÁDU léttara bíla 55, þ.e.a.s:

⁷Farþegar á vegum Flugleiða í innanlandsflugi árið 1991 voru 246.339. Heildarfarþega fjöldi í innanlandsflugi á því ári voru 370.865 og því er hlutur Flugleiða 66,42%. Sjá Viðauka 2.


$$(16) \quad \dot{A}DU_L = \left(\frac{\left(\frac{173.993 \cdot 30\%}{2.59} \right)}{365} \right) = 55$$

Aukning í ÁDU þunga bíla verður hinsvegar 13, þ.e.a.s:

$$(17) \quad \dot{A}DU_P = \left(\frac{\left(\frac{173.993 \cdot 70\%}{25} \right)}{365} \right) = 13$$

5. mynd sýnir fjölda farþega með áætlunar- og leiguflugi á íslenskum áætlunarflugvöllum á árinu 1991.

5. mynd Fjöldi farþega með áætlunar- og leiguflugi á íslenskum áætlunarflugvöllum á árinu 1991



Farþegaflutningar á sjó: Farþegaflutningar á sjó milli fjarlæggra landshluta eru hverfandi á móti því sem áður var, enda eru engin eiginleg farþegaskip í þeim siglingum lengur. Reglubundnum siglingum með farþega er haldið uppi á nokkrum skemmri leiðum. Akraborgin siglir milli Akraness og Reykjavíkur og flutti hún 57.516 bíla á árinu 1991 sem jafngildir aukningu um 158 í ÁDU léttra bifreiða um Hvalfjörð ef ferðir ferjunnar myndu leggjast af, þ.e.a.s.:

$$(18) \quad \dot{A}DU_L = \left(\frac{57.516 \text{ bifr.}}{365} \right) = 158$$

Áðrir farþegaflutningar á sjó eru með flóabátnum Baldri sem siglir á Breiðafirði, Fagranesinu sem siglir um Ísafjarðardjúp og Hríseyjarferjunni sem siglir yfir á Árskógsströnd auk stærra skips, sem nú þjónar Hrísey og Grímsey.⁸

Farþegaflutningar á landi: Eins og áður sagði fór viðamikil umferðarkönnun fram á Akranesvegamótum þrisvar sinnum árið 1989. Könnunin leiddi í ljós að meðalfjöldi farþega í bíl fyrir utan bílstjóra var í maí 1,63, í júlí 1,76 og í nóvember 1,22. Sé meðaltal tekið af heildinni þá voru 1,59 farþegar í bíl og hefur sú tala verið notuð hér að framan til að áætla aukningu í ÁDU ef umferð í lofti og á sjó færi um Hvalfjörðinn. ÁDU á árinu 1991 framreiknuð til opunarárs ganganna 1996 m.v. spá Vegagerðarinnar um umferðaraukningu á þeim tíma er tekin saman fyrir alla umferð, þunga og létta, í töflu 3.

3. tafla Áætluð ÁDU um Hvalfjörð á árinu 1996⁹

	ÁDU _s	ÁDU _f	ÁDU _B	ÁDU
Pungar bifr.:	217	17	151	385
Létta bifr.:	176	61	1.586	1.823
Samtals:	434	78	1.737	2.208

Nú höfum við heildarumferð léttra og þunga bifreiða um Hvalfjörðinn eins og sýnt er í 3. töflu ef allir flutningar sem nú fara á sjó, lofti og á landi fara landleiðina um Hvalfjörð. Næmni umferðar á sjó, lofti og á landi eða næmni heildarumferðar fyrir breytingum í ferðakostnaði við að fara fjörðinn ræður því hversu mikið af þessum flutningum mun í reynd fara um göngin. Þessi forsenda verður rædd nánar í kafla 4.3.

⁸Valdimar Kristinsson, "Samgöngur og ferðamál", Fjármálatíðindi XXXVIII. árg. maí-júlí 1991, bls. 114-116.

⁹Sjá Viðauka 3.

4.3 Umferðarspá

Hér verður greint frá því hvaða vöxtur í umferð er lagður til grundvallar í ábataútreikningum. Einnig verður skýrt frá því hvaða næmnisstuðlar heildarumferðar fyrir breytingum í ferðakostnaði eru notaðir og hvernig þeir eru fengnir. Eftirfarandi tölur eru flestar fengnar úr skýrslu Asplan um arðsemi Hvalfjarðarganga en einnig úr nokkrum skýrslum Vegagerðarinnar um umferð fyrir Hvalfjörð.

Skipta má umferðaraukningu um Hvalfjörðinn í þrjá meginflokka. Þessir flokkar eru:


1. *Eðlileg, árleg umferðaraukning:*
Eðlileg aukning umferðar er til komin vegna fjölgunar bíla og íbúa. Við ákvörðun eðlilegrar aukningar umferðar var stuðst við umferðarspá Vegagerðarinnar 1989 sem gildir allt til ársins 2020. 4. tafla sýnir aukningu að meðaltali í eðlilegri, árlegri umferð frá árinu 1989 til 2020.¹ Þessi spá var síðan notuð til að áætla aukningu í heildarumferð um Hvalfjörðinn.

4. tafla Eðlileg, árleg umferðaraukning frá árinu 1989

Ár	Meðalt.auk.
1989-1995	2,2%
1996-2000	1,7%
2001-2010	1,0%
2011-2020	0,4%

2. *Orsökuð umferð:* Umferð sem kemur til vegna styttinga vegalengda og/eða betri vega á milli staða kallast orsökuð umferð. Jarðgöng undir Hvalfjörð myndu gera það að verkum að vegalengdin milli Reykjavíkur² og svæðisins sem Akranes og Borgarnes tilheyrir, Akranes-Borgarnessvæði,³ verður svipuð þeirri vegalengd sem er á milli Reykjavíkur og Árborgarsvæðis í dag.⁴ Íbúafjöldi

4. mynd Orsökuð umferð v/Hvalfjarðarganga



¹Asplan, *Trafikkprognoser for Hvalfjörður tunnelprosjekt*, Arbeidsrapport nr. 5, bls. 6-11.

²Reykjavík og nágrenni, þ.e. Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur.

³Akranes-Borgarnessvæði: Akranes, Grundartangi, staðir við Hvalfjörð, Leirár- og Melasveit, Borgarnes.

⁴Árborgarsvæði: Selfoss, Eyrarbakki, Stokkseyri, Hveragerði og Ölfus, þ.m.t. Þorlákshöfn.

svæðanna er auk þess svipaður. Því var talið hugsanlegt að umferð á milli Reykjavíkur og þessara tveggja svæða yrði á móti ef jarðgöng yrðu að veruleika. Orsökuð umferð vegna tilkomu Hvalfjarðarganga er sýnd á mynd 4. Stuðst er við spá Asplan. Eins og áður sagði gerir Asplan ráð fyrir 22% heildaraukningu umferðar um Hvalfjörðinn í kjölfar opnunar ganganna. Grundvöllurinn fyrir þeirri tölu er sóttur í norskar reynslutölur sem sýna að 10-20% umferðaraukning gæti verið raunhæf. Efri mörkin, 20%, eru í samræmi við spá Vegagerðarinnar um orsakaða umferð. Asplan gerir einnig ráð fyrir einhverri umferðaraukningu vegna þess að Sementsverksmiðjan mun breyta tilhögun sinna flutninga þannig að flutt yrði landleiðina í stað sjóleiðarinnar og vegna þess að Akraborgin mun hætta starfsemi í kjölfar opnunar ganganna.

5. tafla Orsökuð umferð v/Hvalfjarðarganga m.v. opnunarárið 1996

Ár	Umferðaraukning
1996	4,0%
1997	3,6%
1998	3,2%
1999	2,8%
2000	2,4%
2001	2,0%
2002	1,6%
2003	1,2%
2004	0,8%
2005	0,4%
Samtals:	22,0%

5. tafla sýnir síðan þær tölur sem liggja að baki 4. mynd. Samanlögðu aukninguna (22%) má túlka sem víxláhrif í umferð um Hvalfjörðinn, þ.e.a.s. gera má ráð fyrir að þessi aukning í umferð komi fram í samdrætti í flutningum á sjó og í lofti. Heildarumferð breytist því ekkert vegna þessa heldur einungis innbyrðis skipting hennar milli umferðar á sjó, í lofti og á landi.

Ofangreind umferðarspá gengur út frá því að ekki verði ráðist í framkvæmdir í samgöngumálum, t.d. veg um hálendið milli Reykjavíkur og Akureyrar, sem myndu hafa bein áhrif á umferð um Hvalfjörðinn og þannig arðsemi Hvalfjarðarganga. Ef hálendisvegur verður t.d. lagður eru nokkrar líkur á því að heildarumferð um Hvalfjörðinn muni dragast saman. Þetta er órannsakað en telja má víst að áhrifin verða einhver, einkum ef ekki verður gjaldtaka á þeim vegi. Í þessu sambandi þykir vert að benda á fyrirvara sem ætti að hafa í samningum við samgönguráðherra. Þessi fyrirvari er sá að ef ráðist verður í framkvæmdir í samgöngumálum sem hafa bein áhrif á arðsemi ganganna verði samningurinn við samgöngumálaráðherra framlengdur eða endurskoðaður.

3. *Verðnæmni umferðar og aukning hennar á opnunarári ganganna:* Verðnæmni umferðar um ákveðinn veg segir til um hversu mikið umferð um hann mun aukast eða minnka ef aksturskostnaður eða tímakostnaður breytist. Almenn þá munu göngin draga úr ferðakostnaði við að fara Hvalfjörðinn og því mun heildarumferð aukast. Asplan reiknar út með hjálp verðnæmnislikans hversu mikil þessi aukning muni verða og hvernig umferðin, sem fer Hvalfjörðinn eftir tilkomu ganganna, skiptist milli þess að fara í gegnum göngin og fyrir botn fjarðarinnar. Við viljum vita hver næmni heildarumferðar um Hvalfjörðinn á landi, sjó og í lofti er fyrir breytingum í ferðakostnaði. Næmni þeirrar umferðar sem nú fer fjörðinn er því ekki beint það sem við höfum áhuga á. Hinsvegar hafa engar næmnikannanir af því

taginu sem við þurfum á að halda verið gerðar og því er rétt að líta á útreikninga Asplan og sjá hvort ekki sé hægt að draga af þeim ályktanir um það á hvaða bili næmni heildarumferðar sé.

Niðurstöður Asplan eru þær að verðnæmni umferðar sé -0,6 fyrir umferð sem tengd er vinnu en -0,8 fyrir aðra umferð.⁵ Með hjálp verðnæmnilkansins finna þeir að aukning umferðar á opunarári ganganna sé um 10%. Ætla má að meirihluti þessarar umferðaraukningar sé nýsköpuð umferð, þ.e.a.s. umferð sem ekki hefur áður verið hluti heildarumferðar. Könnun Vegagerðarinnar á árinu 1989 leiddi í ljós að um 30% léttrar umferðar um Hvalfjörðinn er tengd vinnu og þar sem umferð léttra bifreiða um veginn er 80,69% af heildarumferð má áætla að verðnæmni heildarumferðar léttra bifreiða sé um -0,597 ((-0,6*30%-0,8*70%)*80,69%=-0,597). Sé hins vegar litið á umferð þungra bifreiða þá er hún 58,55% af heildarumferð um veginn og þar sem hún er öll í tengslum við atvinnu má ætla að verðnæmni hennar sé um -0,4684 (-0,8*58,55%=-0,4684).

Þessi nálgun á verðnæmni heildarumferðar er gróf og því vert að kanna hvaða áhrif breytingar á gildi hennar hafa á niðurstöður útreikninganna. Helst má ætla að þessi gildi séu nokkuð há og mætti því kanna önnur lægri gildi. Þetta er gert í kafla 6 þar sem framkvæmdar eru næmniathuganir.

4.4 Slysaföldni

Aukið umferðaröryggi er þáttur sem ekki er hægt að líta framhjá þegar meta á þjóðhagslegan ábata af framkvæmdum í samgöngumálum. Því er vert að kanna hvort sú stytting vegarins um Hvalfjörð með tilkomu ganganna hafi áhrif til lækkunar eða hækkunar á slysaföldni.

Vegagerðin skilgreinir slysaföldni á eftirfarandi máta: Slysaföldni er fjöldi slysa fyrir hverja 1.000.000 ekna km og má reikna út skv. 19. jöfnu.

$$(19) \quad \text{Slysaföldni} = \left(\frac{\text{Slysafjöldi} * 1.000.000}{\text{ADU} * 365 * \text{vegalengd}} \right)$$

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var slysaföldni í Hvalfirðinum á tímabilinu 1988 til 1991 eins og 6. tafla sýnir.

⁵Þ.e. umferð tengd vinnu eykst um 0,6% en önnur umferð um 0,8% ef ferða- og tímakostnaður lækkar um 1%.

6. tafla Slysaföldni á vegum í Hvalfirði⁶

Ár	1988	1989	1990	1991
<i>Vesturlandsvegur</i>				
<i>Brautarholt-Eyrarfjallsv.</i>	0,68	0,67	0,38	0,43
<i>Eyrarfj.v.-Kjósarskarðsv.</i>	0,68	2,03	0,55	0,95
<i>Kjósarskarðssv.-Hvítanes</i>	0,66	1,12	0,36	0,82
<i>Hvítanes-Sýslum.Botnsá</i>	0,18	0,37	1,63	1,29
<i>Sýslumörk-Borgarfj.br.</i>	0,75	1,74	0,94	1,23
<i>Borgarfj.br.-Akranesv.</i>	0,69	0,69	0,45	0,36
<i>Akranesvegur-Höfn</i>	1,91	2,38	1,53	1,29
<i>Akrafjallsvegur</i>				
<i>Grundart.v.-Innri Hólmur</i>	7,70	3,80	0,00	7,43
<i>Innri Hólmur-Akranes</i>	0,00	0,00	0,00	0,00
<i>Slysaföldni í Hvalfirði:</i>	0,86	1,39	0,92	1,01
<i>Meðalslysaf. á þjóðvegak.</i>	1,13	1,36		

Eins og sést í 6. töflu þá er slysaföldni mjög sveiflukennd á milli ára. Slysaföldnin er samt hvergi óeðlilega há í samanburði við meðalslysaföldni á þjóðvegakerfinu í heild nema að undanskildum vegarkaflanum frá Grundartangavegi að Innra Hólmi á árunum 1988 og 1989.

Ef af gangagerðinni verður þá dettur út kafla Vesturlandsvegar milli Eyrarfjallsvegar og Akranesvegar. Hins vegar eykst umferð á öðrum vegarköflum og utan þeirra. Því má ætla að stytting vegarins og betri akstursskilyrði lækki slysaföldni en aukin umferð hækki hana. Samsöfnuð aukning umferðar um Hvalfjörðinn sökum ganganna er áætluð um 32% á tímabilinu 1996 til 2005. Þetta er allmikil aukning en þegar haft er í huga að akstursskilyrði ættu að batna þá má ætla að áhrifin jafnist út. Óbreytt slysaföldni er því sú forsenda sem við gefum okkur. Þessi forsenda leiðir til þess að óþarft er að taka tillit til kostnaðar vegna aukinnar eða lækkaðrar slysaföldni þegar reiknaður er út þjóðhagslegur ábati af Hvalfjarðargöngunum.

⁶Sbr. Viðauka 4.

4.5 Rekstrarkostnaður, fjármagnsávinningur og fjárfesting

Ávinningur framleiðenda er náskyldur hugtakinu um arðsemi Hvalfjarðarganga. Munurinn felst í því að í ávinningshugtakinu er tekið tillit til áhrifa fjárfestingarinnar á alla aðila á markaðinum, bæði þá sem standa beint að fjárfestingunni og þá sem standa utan hennar en verða óhjákvæmilega fyrir áhrifum frá henni vegna aðildar þeirra að sama markaði. Hér eru það flutningafyrirtæki í lofti og á sjó sem tapa markaðshlutdeild meðan fyrirtækið, sem að göngunum stendur, sem og önnur fyrirtæki sem standa að flutningum á landi um Hvalfjörð, auka hlutdeild sína.

Rekstrarkostnaður lækkar hjá flutningafyrirtækjum sem missa markaðshlutdeild. Þetta þarf ekki að vera einhlítt þar sem t.d. vöruflutningar í lofti eru gerðir samhliða farþegaflutningum og því helst kostnaður nær óbreyttur þó svo flutningamagnið breytist lítillega. Hins vegar mun rekstrarkostnaður vegna Akraþorgarinnar leggjast niður en í stað þess eykst rekstrarkostnaður af farþegaflutningum og vöruflutningum með bílum um fjörðinn. Vert er því að ætla að rekstrarkostnaður jafnist út á markaðinum og eftir standi rekstrarkostnaður við göngin sjálf sem fólgin er í stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og viðhaldi. Samkvæmt upplýsingum frá hugsanlegum rekstraraðila ganganna eru þessir kostnaðarliðir taldir nema samtals um 65 milljón kr. á ári og er sú upphæð dregin frá ábata framleiðenda í útreikningum.⁷

Allar breytingar á fasteignaverði eða byggðapróun myndu hafa áhrif á þjóðhagslega arðsemi ganganna. Ef og þegar göngin verða byggð og tekin í notkun er vert að ætla að byggð aukist á þeim stöðum sem þannig komast í betra vegasamband við höfuðborgarsvæðið. Byggð á öðrum stöðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins myndi sennilega minnka að sama skapi. Því er rétt að ætla að fasteignaverð muni hækka á Akranes-Borgarnessvæðinu. Fjármagnsábatí mun því myndast þar. Hins vegar mun fasteignaverðið lækka að sama skapi á Árborgarsvæðinu og á Reykjanesi. Fjármagnsábatí mun því tapast þar. Því er ekki fjarri lagi að gera ráð fyrir að breytingar á fjármagnsábata jafnist út á markaðinum í heild.

Ljóslega verða göngin byggð fyrr eða síðar. Verði göngin ekki byggð nú mun fasteignaverð að öðru óbreyttu haldast óbreytt og byggðapróun einnig. Biðin hefur því bæði hækkun og lækkun ábata fjármagns í för með sér sem sennilega myndi jafnast út í heild. Verði göngin byggð nú mun hið sama verða uppi á teningnum. Ábatí fjármagns mun hækka og lækka og jafnast út í heild. Áhrif ganganna á þjóðhagslegan ávinning í gegnum fjármagnsávinning ætti því að vera lítil sem enginn og er gengið út frá þeirri forsendu hér.

Fjárfestingarkostnaður á opunarári ganganna er áætlaður 3.705 milljónir kr. og er tekið tillit til hans við útreikning á ábata frambjóðenda. Ljóst er þó að meðal ýmissa flutningsaðila í landflutningum verður ráðist í fjárfestingar sem beint eða óbeint tengjast opnun ganganna. Hins vegar munu þeir aðilar flutningamarkaðarins sem missa markaðshlutdeild þurfa að selja flutningatæki sem þeir eru með í notkun.

⁷Sjá Viðauka 5.

Við teljum því rétt að ætla að annar fjárfestingarkostnaður en kostnaður við gangagerðina sjálfa jafnist út á markaðnum. Því er tekið tillit til þessara 3.705 milljóna kr. einna þegar reiknaður er út ábatí framleiðenda.

Ef af gangagerðinni verður munu fjárframlög ríkisins til handa Skallagrími hf., rekstraraðila Akraþorgarinnar, falla niður. Þetta framlag ríkisins var á árinu 1991, eins og sést í 7. töflu, 84 milljónir kr. Í 7. töflu eru einnig sýnd áætluð fjárframlög ríkisins til reksturs Akraþorgar allt fram til ársins 1997. Ef af göngunum verður og Akraþorgin hættir starfsemi mun framlagið á árinu 1996, 43,4 milljónir kr., falla niður og má líta á það sem beinan hag ríkisins af gerð ganganna á því ári. Í næmniathugunum er kannað hvaða áhrif það hefur að taka með sparnað ríkisins vegna þess að rekstur Akraþorgarinnar mun leggjast af við tilkomu ganganna.

7. tafla Fjárframlög ríkisins v/reksturs Akraþorgar⁸

Ár	milljónir kr.
1991	84,0
1992	50,8
1993	45,8
1994	45,0
1995	44,2
1996	43,4
1997	42,6

Viðhaldsframkvæmdir Vegagerðarinnar í Hvalfirði munu minnka ef af gangagerðinni verður. Þannig er áætlað að á árinu 1994 verði 50-60 milljónum kr. varið til brúargerðar yfir Botnsá og á tímabilinu 1995 til 1998 verði 100 milljónum kr. varið til brúargerðar yfir Laxá. Undirlag vegarins er orðið lélegt á köflum og mun einhverju þurfa að kosta til að lagfæra það. En þar sem ekki liggur ljóst fyrir hvaða framkvæmdir við veginn um Hvalfjörð munu leggjast af í framtíðinni ef af gangagerðinni verður þá er ekki tekið tillit til lækkunar á kostnaði ríkisins vegna framkvæmda Vegagerðarinnar þar.

4.6 Skattar

Skatttekjur ríkisins eru hluti af ábata frambjóðenda. Í útreikningum á þjóðhagslegum ábata er ekki beint tekið tillit til annarra skatta en virðisaukaskatts. Tekjur ríkisins af virðisaukaskatti á heildarmagn flutninga eru því metnar. Hins vegar er ljóst að rekstur ganganna mun á einhvern hátt hafa áhrif á tekjur ríkisins af öðrum sköttum. Ekki er fjarri lagi að ætla að áhrif ganganna á tekjuskatt sem og á aðra skatta, svo sem eigna- og veltuskatta, leiði til hækkunar í þjóðfélaginu öllu. Ástæðan er sú að magn heildarflutninga er talið munu aukast. Að hve miklu leyti skatttekjur ríkisins munu aukast er erfitt ef ekki ómögulegt að meta. Hins vegar er vel hægt að áætla með hjálp arðsemislíkans hverjar skatttekjur ríkisins af rekstri ganganna verða. Forsendan sem við gefum okkur er því sú að skatttekjur ríkisins af starfsemi þeirra flutningsaðila sem fyrir eru á markaðnum jafnist út og eftir standi skatttekjur ríkisins vegna álagningar tekju-, eigna- og veltuskatts á rekstur ganganna. Þessi stærð er reiknuð út í 5. Viðauka og gefa þeir útreikningar til kynna að hún sé

⁸Heimild: Samgönguráðuneytið, Rúnar Guðjónsson.

um 620 milljónir kr. Þessi stærð er síðan notuð í útreikningum í 6. viðauka undir heitinu *Skatttekjur ríkisins af öðrum sköttum*.

4.7 Vaxtakrafa

Vaxtakröfu má skilgreina á eftirfarandi máta:

$$(20) \quad k_i = k_{RS} + (k_M - k_{RS})b_i$$

þar sem k_i er ávöxtunarkrafa fjárfestingar i , k_{RS} eru vextir á ríkistryggðum skuldabréfum sem eru 6,5% í dag, k_M eru vextir á markaði fyrir viðkomandi fjárfestingu og b_i er fylgnistuðull sem segir til um hversu næm fjárfestingin er fyrir breytingum á markaðsvöxtum. Við sjáum að ef k_M er hærri en k_{RA} og b_i nálægt einum þá er ávöxtunarkrafa k_i hærri en k_{RS} . Þar sem viss áhætta fylgir gangagerð undir Hvalfjörð þá má ætla að liðurinn $(k_M - k_{RS})b_i$ sé jákvæð stærð. Ávöxtunarkrafa fyrir fjárfestingu í Hvalfjarðargöngum k_i ætti því að vera nokkuð hærri en vextir á ríkistryggðum skuldabréfum k_{RS} . Í öllum útreikningum á þjóðhagslegri arðsemi Hvalfjarðarganga er notast við 7% vaxtakröfu. Þetta er nokkuð lægri tala en meðalvextir á teknum lánum eru í dag. Hinsvegar er talið að meðalvextir í dag séu hærri en búast má við þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi má færa fyrir því nokkur rök að 6,5% vextir á ríkistryggðum skuldabréfum hljóti að teljast í hærri lagi. Benda má á að samsvarandi vextir í nálægum löndum eru nokkru lægri. Virðist mega gera ráð fyrir að vextir hér eigi eftir að lækka á næstu árum til samræmis við það sem þeir eru í viðskiptalöndum okkar, sérstaklega ef íslenskt hagkerfi tengist hagkerfum annarra landa nánar en nú er.

5. Niðurstöður ávinningsútreikninga

Í 6. viðauka eru útreikningar á þjóðhagslegum ávinningi Hvalfjarðarganga. Þar er ávinningurinn reiknaður út fyrir 30 ára tímabil en eftir þann tíma er ætlað að gjalddöku fyrir ganganotkunina verði hætt. Ávinningurinn er núvirtur til opnunarárs ganganna 1996, m.v. 7% ávöxtunarkröfu og skiptingu í ávinning neytenda og ávinning frambjóðenda líkt og sýnt er í 8. töflu.

8. tafla Grunnðæmi
Núvirtur ávinningur af Hvalfjarðargöngum í kr.

	Léttar bif.	Pungar bif.	Heildarumferð
I. Ávinningur neytenda	3.803.522.873	723.545.189	4.527.068.062
i. Virðisaukaskattur	1.003.256.913	423.514.343	1.426.771.256
ii. Aðrir skattar			619.565.399
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	4.094.926.174	1.728.629.971	5.203.990.746
iv. Fjarf.+rekstrarkostnaður			4.671.803.855
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	5.098.183.087	2.152.144.314	2.578.523.545
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	8.901.705.960	2.875.689.503	7.105.591.607
i. Umframv. v/virðisaukask.	4.250.004	1.558.005	5.808.009
ii. Umframv. v/þjónustugj.	118.928.705	29.463.462	148.329.167
IV. Umframbyrði (i+ii)	123.178.709	31.021.467	154.200.176

Í 8. töflu sést að ávinningur Hvalfjarðarganga er um 7.106 milljónir kr. og skiptist þannig að ávinningur neytenda er um 4.527 milljónir kr. og ávinningur frambjóðenda, þegar dreginn hefur verið frá núvirtur fjárfestingar- og rekstrarkostnaður, er um 2.579 milljónir kr. Ef litið er nánar á ávinning frambjóðenda sést að ávinningur fyrirtækjanna sjálfra er jákvæður, þ.e.a.s. ávinningur fyrirtækja að fráregnum sköttum, fjárfestingar- og rekstrarkostnaði er 532 milljónir kr.¹ M.ö.o., hreinn hagnaður fyrirtækja af gerð Hvalfjarðarganga er 532 milljónir kr.

Umframbyrðin er 154 milljónir kr. sem er tiltölulega lítil upphæð á mælikvarða þjóðfélagsins í heild og ef haft er í huga að núvirt er yfir 30 ára tímabil. Lítil umframbyrði endurspeglar þá staðreynd að gert er ráð fyrir að verðnæmni umferðar sé tiltölulega lítil. Umframbyrði skiptist þannig að vegna skattlagningarinnar er hún um 6 milljónir kr. og vegna álagningar þjónustugjalda fyrir ganganotkunina um 148 milljónir kr.

¹Ábati framleiðenda - skattar er 2.578.523.545 kr. - 2.046.336.655 kr. = 532.186.890 kr.

6. Næmniathuganir

6.1 Ferða- og tímakostnaður

Í ávinningsútreikningum er gert ráð fyrir að meðalkostnaður við að aka létttri bifreið um Hvalfjörðinn sé 20,67 kr/km. Hins vegar er gert ráð fyrir að meðalkostnaður við að aka þungri bifreið um Hvalfjörðinn sé 91,89 kr/km. Þessar tölur eru fengnar úr skýrslu Asplan en þeir byggja þær m.a á upplýsingum frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Með hjálp næmnilíkans kemst Asplan að þeirri niðurstöðu að 82,05% af heildarumferð létttra bifreiða og 73,68% af heildarumferð þungra bifreiða um Hvalfjörðinn muni fara göngin.

Vert þótti að fá mat Vegagerðarinnar á þessum kostnaðartölum. Þeir áætluðu að meðalkostnaðurinn við að aka um Hvalfjörðinn væri 22,55 kr/km fyrir léttar bifreiðar og 55,50 kr/km fyrir þungar bifreiðar. Með hjálp fyrrgreinds næmnilíkans fæst að 82,82% af heildarumferð létttra bifreiða. Hinsvegar sést að ef þjónustuverð ganganna fyrir þungar bifreiðar helst óbreytt þá munu þeir tapa á því að fara í gegnum göngin. Gerum því ráð fyrir að þjónustugjöldin lækki svo að vegfarendur á þungum bifreiðum koma út á sléttu hvort sem þeir velji að fara göngin eða ekki. Við þessar aðstæður gefur fyrrgeint næmnilíkan að 58,70% af heildarumferð þungra bifreiða um Hvalfjörðinn muni fara göngin. Í 2. dæmi í 6. viðauka er þjóðhagslegur ávinningur ganganna reiknaður út frá mati Vegagerðarinnar. Niðurstöður eru sýndar í 9. töflu.

9. tafla Frávik í ferða- og tímakostnaði
Núvirtur ávinningur af Hvalfjarðargöngum í kr.

	Léttar bifr.	Þungar bifr.	Heildarumferð
I. Ávinningur neytenda	4.792.762.989	0	4.792.762.989
i. Virðisaukaskattur	1.039.622.343	262.648.584	1.302.270.927
ii. Aðrir skattar			484.526.833
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	4.243.356.502	1.072.035.035	4.830.864.704
iv. Fjarf.+rekstrkostnaður			4.671.803.855
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	5.282.978.845	1.334.683.619	1.945.858.609
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	10.075.741.835	1.334.683.619	6.738.621.598
i. Umframb. v/virðisaukask.	4.149.685	1.237.326	5.387.011
ii. Umframb. v/þjónustugj.	114.695.785	23.352.310	138.048.095
IV. Umframbyrði (i+ii)	118.845.470	24.589.636	143.435.106

Á 9. töflu sést að þjóðhagslegur ávinningur fyrir léttu umferð eykst en minnkar fyrir umferð þungra bifreiða. Ástæðan fyrir því að þjóðhagslegur ávinningur fyrir léttu umferð eykst er sú að vegfarendur á léttum bifreiðum sjá sér meiri hag í að fara göngin því að það sparar þeim ferða- og tímakostnað. Ávinningur neytenda verður því meiri en þar sem aukinn fjöldi þeirra fer um göngin eykst einnig ávinningur frambjóðenda. Hins vegar kemur í ljós að ef þetta mat Vegagerðarinnar fyrir þunga umferð stenst og þjónustuverð ganganna er lækkað á ofangreindan hátt þá verður ávinningur neytenda af þungri umferð enginn. Heildarumferð þungra bifreiða um göngin dregst saman við þetta svo að ávinningur frambjóðenda lækkar. Þegar á heildina er litið sést að skatttekjur ríkisins, bæði af virðisaukaskatti sem og öðrum sköttum, sem reiknaðar eru út í 6. dæmi í 5. viðauka, dragast saman en umframbyrði vegna þeirra minnkar að sama skapi. Einnig sést að þjóðhagslegur ávinningur ganganna hefur minnkað úr 7.106 milljónum kr. í 6.739 milljónir kr. eða um 367 milljónir kr.

6.2 Verðnæmni umferðar

Ekki er vitað með fullri vissu hver næmni heildarumferðar m.t.t. breytinga á kostnaði við að aka Hvalfjörðinn er. Í kafla 4.3 voru leiddar líkur að því að næmni léttrar umferðar væri -0,597 en -0,4684 fyrir þunga umferð. Hér er ætlunin að kanna hvaða áhrif það hefur á þjóðhagslegan ávinning Hvalfjarðarganga að lækka og hækka þessa næmnistuðla um 0,1. Í dæmum 3 og 4 í 6. viðauka er þetta gert og niðurstöður fyrir heildarumferð eru sýndar í 10. töflu.

10. tafla Frávik í næmni Núvirtur ávinningur af Hvalfjarðargöngum í kr.			
Breyting í næmni	-0,1	0,0	+0,1
I. Ávinningur neytenda	4.402.435.866	4.527.068.062	4.651.700.258
i. Virðisaukaskattur	1.394.145.233	1.426.771.256	1.459.397.278
ii. Aðrir skattar	619.565.399	619.565.399	619.565.399
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	5.070.823.306	5.203.990.746	5.337.158.186
iv. Fjarf.+rekstrkostnaður	4.671.803.855	4.671.803.855	4.671.803.855
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	2.412.730.382	2.578.523.545	2.744.317.008
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	6.815.165.948	7.105.591.607	7.396.017.266
i. Umframb. v/virðisaukask.	4.763.492	5.808.009	6.852.525
ii. Umframb. v/þjónustugj.	122.180.876	148.392.167	174.603.459
IV. Umframbyrði (i+ii)	126.944.368	154.200.176	181.455.983

Í 10. töflu sést að áhrif næmnistuðlanna eru talsverð. Nákvæmni niðurstaðna er því nokkuð minni þar sem gildi þessara stuðla hefur ekki verið metið. Hins vegar er ljóst að slíkt mat yrði nokkuð kostnaðarsamt. Ástæðan er sú að heildarflutningar eru svo margbrotnir og verð og mælieiningar eru svo mismunandi að gagnasöfnunin ein sér yrði afar umfangsmikil. Ágiskun er því það besta sem við getum gert að svo stöddu.

Í 3. kafla var sú forsenda gefin að víxlverðnæmni væri engin. Þessi forsenda segir að verðbreytingar flutninga á landi hafi engin áhrif á verð flutninga í lofti eða á sjó. Verð flutninga á sjó og í lofti verða því þau hin sömu fyrir og eftir tilkomu ganganna eða eins og sagt var í 3. kafla: $P^F_f = P^F_s$ og $P^S_f = P^S_s$. Þetta er hæpin forsenda, einkum ef verðbreytingarnar eru miklar. Gefum okkur nú að verðbreytingar í flutningum á landi skili sér að fullu í verðbreytingum flutninga í lofti og á sjó eða m.ö.o., víxlverðnæmnin er einn. Niðurstöður eru sýndar í 11. töflu.

11. tafla Frávik í víxlverðnæmni Núvirtur ávinningur af Hvalfjarðargöngum í kr.		
Víxlverðnæmni	0,0	1,0
I. Ávinningur neytenda	4.527.068.062	5.682.011.415
i. Virðisaukaskattur	1.426.771.256	1.288.961.278
ii. Aðrir skattar	619.565.399	269.784.810
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	5.203.990.746	4.991.281.633
iv. Fjarf.+rekstrkostnaður	4.671.803.855	4.671.803.855
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	2.578.523.545	1.878.223.866
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	7.105.591.607	7.560.235.281
i. Umframb. v/virðisaukask.	5.808.009	4.729.954
ii. Umframb. v/þjónustugj.	148.392.167	115.924.417
IV. Umframbyrði (i+ii)	154.200.176	120.654.371

Í 11. töflu sést að þjóðhagslegur ávinningur eykst um 454 milljónir kr. við þetta eða úr 7.106 milljónum kr. í 7.560 milljónir kr. Ef litið er á ávinning neytenda þá sést að hann eykst um 1.155 milljónir kr. úr 4.527 milljónum kr. í 5.682 milljónir kr. Ástæða þessarar aukningar í ávinningi neytenda er að neytendur geta nú notið flutninga í lofti, á sjó og á landi á lægra verði en áður. Ávinningur frambjóðenda minnkar hinsvegar um 700 milljónir kr. eða úr 2.579 milljónum kr. í 1.878 milljónir kr. Ástæðan er sú að umferð um fjörðinn dregst saman og því einnig sjálfkrafa umferð um göngin.² Ávinningur rekstraraðila ganganna dregst því verulega saman sem og tekjur ríkisins af sköttum. Hinsvegar eykst umferð í lofti og á sjó en sökum

²Í útreikningum var gengið út frá því að orðkuð umferð yrði engin ef víxlverðnæmnin væri einn eins og hér er.

verðlækkunarinnar vegur það ekki nema að hluta til upp þá lækkun sem þegar er orðin á ávinningi frambjóðenda.

6.3 Fjárframlög ríkisins vegna Akraborgar

Í 4.5 kafla var fjallað um fjárframlög ríkisins til handa rekstraraðila Akraborgar. Þar kom fram að á árinu 1996 er gert ráð fyrir að þessi fjárframlög nemi 43,4 milljónum kr. og af þeim eru 35 milljónir vegna reksturs en 8,4 milljónir vegna afborgana af lánum. Sé gert ráð fyrir að hlutur ríkisins í afborgunum af lánum lækki um 0,8 milljónir á ári en rekstrarkostnaðurinn haldist sá hinn sami allt fram til ársins 2025 fæst núvirtur kostnaður ríkisins á tímabilinu 1996 til 2025 vegna Akraborgarinnar 509 milljónir kr. Nú er ljóst að ef af gangagerðinni verður þá mun Akraborgin hætta starfsemi sinni og því munu þessi fjárframlög ríkisins falla niður. Í 12. töflu er tekið tillit til þessa þáttar.

12. tafla Tillit tekið til fjárframlaga ríkisins vegna reksturs Akraborgarinnar
Núvirtur ávinningur af Hvalfjarðargöngum í kr.

	Grunndæmi	Frávik
I. Ávinningur neytenda	4.527.068.062	4.527.068.062
i. Virðisaukaskattur	1.426.771.256	1.426.771.256
ii. Aðrir skattar	619.565.399	619.565.399
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	5.203.990.746	5.203.990.746
iv. Fjarf.+rekstrkostnaður	4.671.803.855	4.671.803.855
v. Fjárframlag ríkisins v/Akraborgar	0	508.733.183
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	2.578.523.545	3.087.256.728
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	7.105.591.607	7.614.324.790
i. Umframv. v/virðisaukask.	5.808.009	5.808.009
ii. Umframv. v/þjónustugj.	148.392.167	148.392.167
IV. Umframbyrði (i+ii)	154.200.176	154.200.176

Í 12. töflu sést að ávinningur frambjóðenda hækkar við þetta um 509 milljónir kr. og hið sama gerist með þjóðhagslegan ávinning sem fer úr 7.106 milljónum kr. upp í 7.614 milljónir kr.

6.4 Umferðarspá

Í 5. og 6. dæmi í 6. viðauka er kannað hvaða áhrif það hefur ef heildarumferð er 10% meiri eða minni en grunnsþáin í 3. viðauka gerir ráð fyrir. Niðurstöður fyrir núvirtan ávinning af heildarumferð eru birtar í 13. töflu.

13. tafla Frávik í umferðarspá
Núvirtur ávinningur af Hvalfjarðargöngum í kr.

Breyting í umferð	-10%	0%	+10%
I. Ávinningur neytenda	4.074.361.256	4.527.068.062	4.979.774.868
i. Virðisaukaskattur	1.284.094.130	1.426.771.256	1.569.448.281
ii. Aðrir skattar	360.626.431	619.565.399	890.750.829
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	4.880.574.099	5.203.990.746	5.515.160.930
iv. Fjarf.+rekstrkostnaður	4.671.803.855	4.671.803.855	4.671.803.855
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	1.853.490.805	2.578.523.545	3.303.556.285
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	5.927.852.061	7.105.591.607	8.286.661.154
i. Umframv. v/virðisaukask.	5.227.208	5.808.009	6.388.809
ii. Umframv. v/þjónustugj.	133.552.951	148.392.167	163.231.384
IV. Umframbyrði (i+ii)	138.780.157	154.200.176	169.620.193

Á 13. töflu sést að þjóðhagslegur ávinningur er tiltölulega næmur fyrir breytingum í umferð. Ef umferð verður 10% minni en grunnsþáin gerir ráð fyrir þá lækkar þjóðhagslegur ávinningur um 1.178 milljónir kr. Ef hinsvegar umferð verður 10% meiri en grunnsþáin gerir ráð fyrir þá hækkar þjóðhagslegur ávinningur um 1.181 milljónir kr.

Eins og sést á 13. töflu þá breytast skatttekjur ríkisins af öðrum sköttum en virðisaukaskatti við það að umferð eykst eða minnkar. Ástæðan er sú að tekjur fyrirtækisins sem skatttekjurnar eru reiknaðar af eru beint háðar magni umferðar í gegnum göngin. Hið sama á við um virðisaukaskattinn. Þessi breyting er reiknuð út á öðrum sköttum í 4. og 5. dæmi í 5. viðauka.

6.5 Vaxtakrafa

Vaxtakrafan var skilgreind í kafla 4.7 á eftirfarandi máta:

$$(21) \quad k_i = k_{RS} + (k_M - k_{RS})b_i$$

þar sem k_i er ávöxtunarkrafa fjárfestingar i , k_{RS} eru vextir á ríkistryggðum skuldabréfum, k_M eru vextir á markaði fyrir viðkomandi fjárfestingu og b_i er fylgnistuðull sem segir til um hversu næm fjárfestingin er fyrir breytingum á markaðsvöxtum.

Í kafla 4.7 var frá því sagt að 7% vaxtakrafa k_i , og sem notuð hefur verið í öllum útreikningum hingað til, væri nokkuð hærri en vextir á ríkistryggðum skuldabréfum. Vextir ríkistryggðra skuldabréfa eru um þessar mundir 6,5%. Samsvarandi vextir í nágrannalöndum okkar eru nokkuð lægri. Opnun fjármagnsmarkaða hér á landi og erlendis fyrir erlendu og innlendu fjármagni ætti að leiða til þess að vextir lækkuðu hér til samræmis við það sem gerist í viðskiptalöndunum. Í 10. dæmi í 6. viðauka er reiknað út hver væri þjóðhagslegur ávinningur Hvalfjarðarganga ef vaxtakrafan væri lækkuð úr 7% niður í 3%. Niðurstöður eru sýndar í 14. töflu. Þar sést að þjóðhagslegur ávinningur af gangagerðinni hækkar úr 7.106 milljónum kr. upp í 13.241 milljónir kr. við þessa breytingu.

14. tafla Frávik í vaxtakröfu				
Núvirtur ávinningur af Hvalfjarðargöngum í kr.				
Vaxtakrafa	3%.	7%	10%	
I. Ávinningur neytenda	7.021.928.098	4.527.068.062	3.488.838.788	
i. Virðisaukaskattur	2.213.062.634	1.426.771.256	1.099.558.219	
ii. Aðrir skattar	1.876.382.696	619.565.399	134.550.111	
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	7.156.526.012	5.203.990.746	4.588.347.177	
iv. Fjarf.+rekstrkostnaður	5.026.923.638	4.671.803.855	4.588.347.177	
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	6.219.047.704	2.578.523.545	999.203.775	
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	13.240.975.801	7.105.591.607	4.488.042.562	
i. Umframv. v/virðisaukask.	9.008.793	5.808.009	4.476.011	
ii. Umframv. v/þjónustugj.	230.170.856	148.392.167	114.360.187	
IV. Umframbyrði (i+ii)	239.179.648	154.200.176	118.836.198	

Áhættusamari fjárfestingar en ríkistryggð skuldabréf bera að jafnaði hærri vaxtakröfu en 6% þ.e.a.s. $(k_M - k_{RS})b_i$ í 21. jöfnu er jákvæð stærð. Ástæðan er sú að fjárfestar taka yfirleitt áhættu með því að leggja fé til framkvæmda á markaði þar sem arðsemi er meiri en vextir ríkistryggðra skuldabréfa. Í 11. dæmi í 6. viðauka er reiknað út hver væri þjóðhagslegur ávinningur Hvalfjarðarganga reiknaður m.v. að vaxtakrafan væri hækkuð úr 7% upp í 10%, þ.e.a.s. $(k_M - k_{RS})b_i = 3,5\%$ í stað 0,5% áður. Niðurstöður eru sýndar í 14. töflu. Þar sést að þjóðhagslegur ávinningur af gangagerðinni lækkar úr 7.106 milljónum kr. niður í 4.488 milljónir kr. við þessa breytingu.

Samkvæmt fjárfestingarfræðunum eiga innri vextir að sýna samband kostnaðar og ávinnings fjárfestingar. Þeir eru skilgreindir sem þeir vextir sem gera núvirði fjárfestingar jafnt núlli, m.ö.o. núvirði ávinnings jafnan núvirði kostnaðar. Nú mætti spyrja: Hverjir eru innri vextir Hvalfjarðarganga? eða: Hversu há þarf ávöxtunarkrafan að vera til þess að þjóðhagslegur ávinningur af gangagerðinni væri enginn? Í 9. dæmi í 6. viðauka er þessari spurningu svarað. Niðurstöður eru sýndar í 15. töflu.

15. tafla Innri vextir ganganna		
Núvirtur ábati af Hvalfjarðargöngum í kr.		
Vaxtakrafa	7%	21,31%
I. Ávinningur neytenda	4.527.068.062	1.844.527.015
i. Virðisaukaskattur	1.426.771.256	581.329.484
ii. Aðrir skattar	619.565.399	108.401.494
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	5.203.990.746	2.264.371.896
iv. Fjarf.+rekstrkostnaður	4.671.803.855	4.798.629.886
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	2.578.523.545	-1.844.527.015
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	7.105.591.607	0
i. Umframv. v/virðisaukask.	5.808.009	2.366.439
ii. Umframv. v/þjónustugj.	148.392.167	60.461.508
IV. Umframbyrði (i+ii)	154.200.176	62.827.947

Á 15. töflu sést að þegar ávöxtunarkrafan er 21,31% þá er þjóðhagslegur ávinningur af Hvalfjarðargöngunum enginn. Við þær aðstæður er ábati neytenda jákvæður um 1.845 milljónir kr. en ávinningur framþjóðenda neikvæður um sömu upphæð. Ef ávöxtunarkrafan væri þetta há mætti ætla að fyrirtækið sem að gangagerðinni stæði myndi hækka þjónustugjöld fyrir ganganotkunina. Slíkt myndi að öðru óbreyttu leiða til jöfnuðar milli neytendaábata og ábata framþjóðenda.

6.6 Hagvöxtur

Í fyrri arðsemisútreikningum Asplan og ávinningsútreikningum hefur ekki verið gert ráð fyrir því að almennur hagvöxtur í þjóðfélaginu hefur áhrif á tímaverðmæti. Ljóst er að með hagvexti mun verðmæti tíma fara hækkandi og því mun framkvæmd í samgöngumálum líkt og gangagerð undir Hvalfjörð reynast ábatasamari. Í nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar frá því í apríl 1992 er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði hér 1% fram til ársins 1995. Spá OECD um langtímahagvöxt í aðildarríkjum þess er 2,5%. Óraunhæft er að ætla að til langs tíma sé hagvöxtur hér mun lægri en í viðskiptalöndunum. Ástæðan er m.a. sú að ef hagvöxtur hér er mun lægri þá muni fólk flytjast héðan til viðskiptalandanna. Að gefnum auðlindum þá er meira til skiptanna fyrir þá sem eftir eru og því ætti hagvöxtur að aukast. Einnig má ætla að ef hagvöxtur er minni hér en í viðskiptalöndunum þá mun það leiða til verðhjöðunar hér vegna lægri launa. Samkeppnisstaða okkar á erlendum mörkuðum mun því batna og hagvöxtur aukast. M.a. af þessum tveimur ástæðum gerum við ráð fyrir í okkar spá sem nær fram til 2025 að hagvöxtur verði 2,5%. Í reynd er það ekki spurningin um hvort hagvöxtur sé 1% eða 2,5% sem er meginatriðið, heldur það hver séu áhrif hagvaxtar á þjóðhagslegan ávinning Hvalfjarðarganga. Í 7. dæmi í 6. viðauka er kannað hvaða áhrif það hefur ef tekið er tillit til hagvaxtar. Niðurstöður fyrir núvirtan ávinning af heildarumferð eru birtar í 16. töflu.

16. tafla Frávik - tekið er tillit til hagvaxtar
Núvirtur ábati af Hvalfjarðargöngum í kr.

Hagvöxtur	0%.	2,5%
I. Ávinningur neytenda	4.527.068.062	4.834.688.677
i. Virðisaukaskattur	1.426.771.256	1.518.496.599
ii. Aðrir skattar	619.565.399	619.565.399
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	5.203.990.746	5.578.379.904
iv. Fjarf.+rekstrarkostnaður	4.671.803.855	4.671.803.855
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	2.578.523.545	3.044.638.047
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	7.105.591.607	7.879.326.724
i. Umframv. v/virðisaukask.	5.808.009	6.185.836
ii. Umframv. v/þjónustugj.	148.392.167	158.322.002
IV. Umframbyrði (i+ii)	154.200.176	164.507.838

Í ofangreindum útreikningum er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður ganganna haldist sá hinn sami þrátt fyrir tilkomu hagvaxtarins. Með þessu gefum við okkur þá

forsendu að með hagræðingu megi halda kostnaðinum niðri og að launakostnaður sé tiltölulega lítil hluti af rekstrarkostnaðinum. Í 16. töflu sést að þjóðhagslegur ávinningur eykst úr 7.106 milljónum kr. í 7.879 eða um 773 milljónir kr. Þessi aukning á sér rætur bæði í ávinningi neytenda og frambjóðenda. Ástæðan er sú að hagkvæmni þess að fara göngin eykst fyrir neytendur þegar tímaverðmæti þeirra hækkar. Neytendaávinningur eykst því. Með tímanum velur stærri hluti umferðarinnar að fara um göngin og því eykst ávinningur frambjóðenda.

6.7 Kostnaður þess að fresta framkvæmdum

Ávinningsútreikningar hafa gengið út frá því að framkvæmdum við gerð ganganna verði lokið í árslok 1995 og gjaldtaka hafin í ársbyrjun 1996. Á þeim tíma hefur verið lagt út fyrir kostnaði sem ekki er hægt að endurheimta og telst því sokkinn kostnaður. Margar forsendur ávinnings- og arðsemisútreikninga eru óvissu háða. Með tímanum þá minnkar þessi óvissa. Ljóslega verða göngin gerð fyrr eða seinna. Spurningin er sú hvort það borgi sig að bíða, fresta framkvæmdum, þannig að þegar í framkvæmdir verði ráðist muni meiri víska vera um ávinning og arðsemi ganganna. Í 8. dæmi í 6. viðauka er reiknað út hver sé kostnaður þess að fresta framkvæmdum um eitt ár. Niðurstöður þessara útreikninga eru sýndar í 17. töflu. Í útreikningum var gengið út frá 2,5% hagvexti eins og í kafla 6.5.

17. tafla Frávik á opnunarári ganganna
Núvirtur ábati af Hvalfjarðargöngum í kr.

Opnunarár ganganna	1996.	1997
I. Ávinningur neytenda	4.834.688.677	4.584.285.300
i. Virðisaukaskattur	1.518.496.599	1.439.504.572
ii. Aðrir skattar	619.565.399	579.033.083
iii. Ávinn. fyrirt. elskatta	5.578.379.904	5.255.963.468
iv. Fjarf.+rekstrarkostnaður	4.671.803.855	4.375.085.449
II. Ávinn. frambj. (i+ii+iii-iv)	3.044.638.047	2.939.947.990
III. Þjóðhagsl. ávinn. (I+II)	7.879.326.724	7.524.233.290
i. Umframv. v/virðisaukask.	6.185.836	5.864.343
ii. Umframv. v/þjónustugj.	158.322.002	150.111.894
IV. Umframbyrði (i+ii)	164.507.838	155.976.237

Í 17. töflu sést að þjóðhagslegur ávinningur lækkar við þetta úr 7.879 milljónum kr. í 7.524 milljónir kr. Kostnaður við að fresta framkvæmdum um eitt ár, mældur í töpuðum þjóðhagslegum ávinningi, er því 355 milljónir kr.

7. Á að selja opinbera þjónustu?

Í nútíma hagkerfi gegnir verð margháttuðu hlutverki. Framleiðandinn getur ráðið nokkuð í hvernig neytendum líkar varan með því að skoða verðbreytingar. Neytendur fá skilaboð um hversu kostnaðarsöm framleiðsla viðkomandi vöru er. Þannig fær neytandinn færi á að bera saman skyldar vörur og haga neyslu sinni þannig að notkun framleiðslufjármuna (fjármagns og vinnuafis) verði með sem hagkvæmustu móti. Þá er þess einnig að geta að verð flytur tekjur frá neytendum til framleiðenda.

Hagfræðingar hafa löngum velt fyrir sér hvernig eigi að verðleggja opinbera þjónustu eða þjónustu veitta af opinberum fyrirtækjum eða af fyrirtækjum sem njóta lögverndaðra einkaréttinda. Fyrsta niðurstaða slíkra vangaveltna var að verð skyldi miðað við jaðarkostnað. Þ.e.a.s., að neytandi opinberrar þjónustu eða þjónustu veittri af fyrirtæki með lögvernduð einkaréttindi ætti að greiða fyrir þjónustuna í samræmi við þann kostnað sem það ylli fyrirtækinu að sinna viðbótarneytanda. Innan samgöngugeirans var þessi niðurstaða túlkuð á þá leið að notandi samgöngumannvirkja skyldi því aðeins greiða fyrir notkun á mannvirkjunum að viðbótarnotkun tefði för annarra er mannvirkin notuðu. Á tiltölulega fáförnum þjóðvegum Íslands gefur þessi verðlagningarregla þau ráð að ekki skuli tekið gjald fyrir notkun mannvirkjanna nema e.t.v. sem næmi sliti sem notkunin veldur á vegakerfinu. Beiting reglunnar skapar fjármögnunarmál. Áður var sagt að verð hefði m.a. það hlutverk að flytja tekjur frá neytendum til framleiðenda. Ef verð er sett í núll krónur er ekki um slíkan tekjutilflutning að ræða. Þá verða aðrar aðferðir að koma til og hið opinbera verður að grípa til skattlagningarvalds síns með einum eða öðrum hætti til að fjármagna framkvæmdir og fastan kostnað tengdan samgöngumannvirkjunum.

En beiting reglunnar gerir meira en að taka tekjutilflutningshlutverk verðkerfisins úr sambandi. Beiting reglunnar hefur einnig í för með sér að neytendur hafa ekki lengur sama möguleika á að koma skilaboðum til framleiðandans um mat sitt á nytsemi vörunnar. Því til viðbótar kemur að þegar þjónusta er afhent ókeypis verður skráning notkunarinnar oftast en ekki takmörkuð.

Það er hætt við að undirbúningsvinna við framkvæmd sem miðar að því að framleiða þjónustu sem skuli afhent ókeypis verði með öðru yfirbragði en undirbúningsvinna við framkvæmd sem ætlað er að selja þjónustu á markaði. Í fyrri tilvikinu þarf lítt að huga að væntanlegri afstöðu neytenda til þjónustunnar, í seinna tilvikinu er afstaða neytenda til þjónustunnar afgerandi. Í fyrri tilvikinu er talað um að framkvæmdin sé vel heppnuð, hafi tekist að leysa verkfræðileg og fagurfræðileg vandamál með þeim hætti að fagfólki þyki gott. Í seinna tilvikinu er talað um að framkvæmdin sé vel heppnuð ef tekjustreymi og notkun er í samræmi við áætlun.

Aukin notkun þjónustugjalda er að sjálfsögðu aðferð til að fjármagna stórar, opinberar framkvæmdir þegar fjármhagur hins opinbera er slæmur. En aukin notkun

þjónustugjalda felur einnig í sér að neytendur eru spurðir, jafnvel fyrirfram, um hvernig þeim líki sú framkvæmd sem um ræðir. Ekki er að efa að umfangsmikil notkun slíkra aðferða breytir forgangsörðun verkefna, t.d. í samgöngumálum, og yrði til þess að flýta verkefnum sem margir neytendur eru tilbúnir til að greiða mikið fyrir að njóta, en seinka þeim verkum sem fáir neytendur vilja greiða fyrir eða verkum sem neytendur eru almennt ekki tilbúnir til að greiða mikið fyrir að njóta.

Heimildir

- Bentkover, Judith D., Covello, Vincent T., & Mumpower, Jeryl, "*Benefits Assessment. The State of the Art*", D. Reidel Publishing Company, Holland, 1986.
- "*Bilisters vegvalg og tidsvurdering*", Transportökonomisk institutt, Osló, nóvember 1990.
- Bruzelius, Nils, "*The Value of Travel Time*", Biddles Ltd., Guildford, Bretlandi, 1979.
- Gramlich, Edward M., "*Benefit-cost analysis of government programs*", Department of Economics and Institute of Public Policy Studies, The University of Michigan, Prentice-Hall Inc. New Jersey, U.S.A. 1981.
- "*Hvalfjörður. Athuganir á vegasambandi*", Vegagerð ríkisins, Hr.H/JR, október 1990.
- "*Hvalfjörður. Athugun á veglínnum 1992*", Vegagerð ríkisins, , JR, febrúar 1992.
- Johansen, Leif, "*Offentlig økonomikk*", Universitetsforlaget, Osló, 3. útgáfa, 1970.
- Layard, Richard, "*Cost Benefit Analysis*", Penguin Books Ltd. Harmondsworth, Middlesex, England, 1980.
- "*Lífæðar lands og þjóðar. Samgöngur og fjarskipti á nýrri öld*", Samgönguráðuneytið 1991.
- Nicholson, Walter, "*Microeconomic Theory*", The Dryden Press, London, 3. útgáfa, 1985.
- Pearce, D.W. & Nash, C.A., "*The Social Appraisal of Projects. A text in Cost-Benefit Analysis*", The Maximillian Press Ltd., London, 1982.
- Rosen, Harwey S., "*Public Finance*", Richard D. Irwin. Inc., Hollandi, 3. útgáfa, 1992.
- "*Samgöngur og ferðamál*", Valdimar Kristinsson, Fjármálatíðindi, Hagfræðideild Seðlabanka Íslands, maí-júlí 1991.
- Sugden, Robert, & Williams, Alan, "*The Principles of Practical Cost-benefit Analysis*", Oxford University Press, London, 1981.
- "*Traffic forecast for the Hvalfjörður tunnel project*", Summary report, Asplan, Kristiansand, Noregi, nóvember 1991.

"Traffic statistic 1991", Icelandair, Budget & business analysis department, maí 1992.

"Trafikkprognoser for Hvalfjörður tunnelprosjekt", Arbeidsrapport nr. 1,2,3,4 & 5, Asplan, Kristiansand, Noregi, nóvember 1991.

"Tölfræðilegar upplýsingar 1991", Flugmálastjórn, flugvalladeild, Rkv. 15 febrúar, 1992.

"Um arðsemismat", Fjárlaga- og hagsýslustofnun, janúar 1986.

"Umferðarkönnun á Akranesvegamótum 1989", Vegagerð ríkisins, A.P.Á., september 1990.

"Umferðarslys á þjóðvegum 1989", Vegagerð ríkisins, áætlanadeild, A.P.Á., janúar 1991.

"Umferðarslys á þjóðvegum 1988", Vegagerð ríkisins, áætlanadeild, A.P.Á., janúar 1990.

"Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð", skýrsla starfshóps sem skipaður var af samgönguráðherra 8. ágúst 1990, janúar 1990.

"Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð. Umferðarspá", Vegagerð ríkisins, A.P.Á., september 1991.

Viðaukar

Viðauki 1.

Vöruflutningar til og frá Reykjavík um strendur Íslands á árinu 1991 í kg. Samtala fyrir vöruflutninga Skipaútgerðar ríkisins, Nesskips hf., Samskipa hf. og Eimskipafélags Íslands hf. á strendur Íslands á árinu 1991 í kg. Útreikningar á ÁDU léttra og þungra bifreiða ef strandflutningar til Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands færu landleiðina um Hvalfjörð.

Viðauki 2.

Vöru-, póst- og farþegaflutningar um íslenska áætlunarflugvelli á árinu 1991 í kg. Flutningar Flugleiða innanlands á árinu 1991. Útreikningar á ÁDU léttra og þungra bifreiða ef flutningar til Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands í lofti færu landleiðina um Hvalfjörð.

Viðauki 3.

Spá Vegagerðarinnar, Asplan og Hagfræðistofnunar um heildarumferð um Hvalfjörð á árunum 1991 til 2050 m.v. árið 1996 sem opnunarár ganganna. Þar kemur fram spá um umferðaraukningu, umferð í lofti, umferð á sjó, umferð um Hvalfjörð og umferð um göngin.

Viðauki 4.

Útreikningar Hagfræðistofnunar á slysatíðni á vegum í Hvalfirði skv. upplýsingum frá Vegagerð ríkisins.

Viðauki 5.

Arðsemislíkan fyrir Hvalfjarðargöng sem unnið var í samræmi við fyrra arðsemislíkan Spalar og Asplan. Þar koma fram forsendur, niðurstöður dæma, rekstrarreikningur, fjármagnsflæði, efnahagsreikningur og útreikningur á starfstíma, innri vöxtum hlutafjár og núvirði fjárfestingar.

Viðauki 6.

Ávinningslíkan fyrir Hvalfjarðargöng. Þar koma fram forsendur, niðurstöður dæma, gildi eftirspurnarkúrfu, þjóðhagslegur ávinningur, ávinningur neytenda, frambjóðenda og umframbyrði v/skatta og þjónustugjalda fyrir umferð þungra og léttra bifreiða.

1. Viðauki

Vöruflutningar til og frá Reykjavík um strendur Íslands á árinu 1991 í kg. Samtala fyrir vöruflutninga Skipaútgerðar ríkisins, Nesskips hf., Samskipa hf. og Eimskipafélags Íslands hf. á strendur Íslands á árinu 1991 í kg. Útreikningar á ÁDU léttra og þungra bifreiða ef strandflutningar til Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands færu landleiðina um Hvalfjörð.

Strandflutningar til og frá Reykjavík á árinu 1991 í kg

	Skipaútgærð ríkisins		Nesskip hf.		Samskip hf.		Elmskipafélag Íslands hf.		Heildarstrandflutningar	
	Lestun	Losun	Lestun	Losun	Lestun	Losun	Lestun	Losun	Lestun	Losun
Ílfjörðargarv.									66.860.125	144.756.581
Ílafnarfjörður									2.048.125	1.555.981
Reykjavík									64.812.000	143.200.600
Ölfunes										
Vesturland									4.419.850	1.819.600
Akranes									0	0
Rif									1.290.225	430.000
Ólafsvík									78.175	72.600
Grundarfjörður									40.200	0
Stykkishólmur									20.850	0
Vestfirðir									43.436.705	18.983.050
Palneshöfn									1.857.600	2.147.850
Tálknafjörður									1.225.245	542.750
Blidudalur									301.650	609.050
Þingeyri									327.750	1.143.800
Flateyri									1.848.350	885.600
Suðureyri									127.500	312.550
Þolungarvík									1.018.460	1.704.500
Ísafjörður									19.436.550	6.356.750
Norðurland									41.800	317.300
Íslanavík									0	457.900
Norðurland									98.831.304	72.797.905
Hvammstangi									0	1.542.800
Skagafellshöfn									2.720.000	684.000
Sauðárkrúkur									14.186.585	8.149.650
Hofsós									0	0
Siglufjörður									3.139.650	1.270.850
Ólafsfjörður									3.951.635	318.150
Dalvík									8.275.850	3.912.535
Hlísey									79.300	39.700
Akureyri									18.665.200	19.399.100
Göfneyri									0	5.700
Suðureyri									0	67.450
Grenivík									0	433.200
Húsavík									25.096.950	8.166.900
Kópasker									0	950
Rauðarhöfn									1.014.393	529.400
Þórhöfn									692.741	1.294.500
Austurland									21.674.797	19.940.950
Bakkafjörður									90.835	114.000
Vopnafjörður									1.190.200	1.686.650
Borgarfjörður eystra									85.500	149.150
Seyðisfjörður									2.442.300	784.050
Mjólfjörður									0	16.150
Norðfjörður									81.930	0
Neskaupstaður									4.331.200	2.131.200
Þskilfjörður									3.476.117	1.726.350
Reyðarfjörður									2.678.700	6.524.100
Þáskróða fjörður									1.664.030	537.200
Stöðvatnfjörður									522.400	182.400
Breidalsvík									390.600	404.700
Djúpivogur									222.300	706.800
Höfn í Hornafirði									2.565.085	4.100.200
Suðurland & Suðurnes									6.648.300	6.723.985
Vestmannaeyjar									6.352.750	6.236.925
Öfnárvík									6.150	0
Keflavík									0	41.060
Njarðvík									2.400	0
									0	0

Samtals: 22.430.450 44.894.150 2.258.631 2.300.921 73.644.000 73.645.000 143.538.000 144.182.000 241.871.081 265.022.071

1. Lestun og losun í Ríkshöfn skv. upplýsingum frá Ríkshöfn
89.751.000 212.811.000

2. Lestun og losun í Ríkshöfn skv. upplýsingum frá skipafyrirtækjum í strandfl.
87.242.450 187.730.150

Mismunur 1-2 2.508.550 25.080.850

Meðalburðargæta þunga bifreiða
Nýting á burðargætu = 50%(100%+25%)= 6,000
Heildarmagn flutnings á Vestf., Vesturl. og Norðurl. 240.288.414
ADU þunga bifreiða 176

=(((Losun og leston á Vesturlandi, Vestfirðum og Norðurlandi)/Meðalburðargæta þunga bifreiða)/Nýting á burðargætu)/fj. daga í ári

2. Viðauki

Vöru-, póst- og farþegaflutningar um íslenska áætluarflugvelli á árinu 1991 í kg.
Flutningar Flugleiða innanlands á árinu 1991. Útreikningar á ÁDU léttra og þunga
bifreiða ef flutningar til Vesturlands, Vestfirðna og Norðurlands í lofti færu
landleiðina um Hvalfjörð.

Farþegaflutningar í lofti á árinu 1991

	Landsbyggðin	Flutfall	Norður- og Vesturland til og frá Reykjavík
Sýttahólmur	2.590	0,70%	2.049
Subeyri, Bládalur, Þingeyri & Þarabjörður	12.483	3,37%	9.874
Ísafjörður, Gjógar, Flateyri & Hólmavík	48.797	13,16%	38.600
Blönduós	1.226	0,33%	970
Sauðárkrúkur	10.424	2,81%	8.246
Siglufjörður & Ólafsfjörður	4.166	1,12%	3.295
Myran	2.521	0,68%	1.994
Ákureyri	115.511	31,15%	91.372
Grímsey	3.594	0,97%	2.843
Háavík	15.448	4,17%	12.220
Kópavogur, Raufarhöfn & Þórshöfn	3.199	0,86%	2.530
Bakkafjörður, Vognafljörður & Borgarfjarðarsýri	3.976	1,07%	
Egilsstaðir	46.583	12,56%	
Norðfjörður & Breiðdalavík	2.370	0,64%	
Hornafjörður	16.415	4,43%	
Vestmannaeyjar	81.562	21,99%	
Samtals:	370.865	100,00%	173.993
Reykjavík	293.364	100,00%	

Móðalfjöldi vegfaranda á Akranesvegum í léttum bílum:

Móðalfjöldi farþega í rúðum 40*62,5% =

Flutfall í léttum bílum:

ÁDU léttu bifreiða = $(173.993 \cdot 30\% / 2.59) / 365 =$

ÁDU þunga bifreiða = $(173.993 \cdot 70\% / 25) / 365 =$

Farþegaflutningar Flugleiða á árinu 1991

	Til Reykjav. Frá Reykjav.
Ákureyri	45.003
Egilsstaðir	18.354
Höfn	5.730
Háavík	5.834
Ísafjörður	19.001
Norðfjörður	715
Þarabjörður	2.051
Sauðárkrúkur	3.882
Þingeyri	866
Vestmannaeyjar	20.991
Samtals:	122.427
Öðrir staðir:	770
Heildarflutningar:	246.339
Flutfall af heildarflutningum	66,42%

Vöru- og pósthutningar í lofti á árinu 1991 í kg

	Landsbyggðin	Flutfall	Norður- og Vesturland til og frá Reykjavík
	1.389	0,03%	1.000
	395.474	9,07%	284.767
	650.139	14,91%	468.142
	6.072	0,14%	4.372
	213.952	4,91%	154.059
	86.997	2,00%	62.643
	408	0,01%	294
	1.425.219	32,69%	1.026.349
	23.766	0,55%	17.113
	192.961	4,43%	138.944
	119.483	2,74%	86.035
	144.042	3,30%	
	644.196	14,78%	
	22.147	0,51%	
	203.249	4,66%	
	230.443	5,29%	
Samtals:	4.359.937	100,00%	2.243.618
Reykjavík	3.139.433	100,00%	

Móðurburgata þunga bifreiða

Nýting á burðargæm = $50\% (100\% + 25\%) =$

ÁDU þunga bifreiða = $((2.243.618 / 6.000) / 62,5\%) / 365 =$

2

Vöru- og pósthutningar Flugleiða á árinu 1991 í kg

	Til Reykjav. Frá Reykjav.
Ákureyri	182.870
Egilsstaðir	56.229
Höfn	19.401
Háavík	31.295
Ísafjörður	56.974
Norðfjörður	663
Þarabjörður	37.354
Sauðárkrúkur	20.965
Þingeyri	6.549
Vestmannaeyjar	35.262
Samtals:	420.913
Öðrir staðir:	8.213
Heildarflutningar:	1.827.009
Flutfall af heildarflutningum	41,90%

3. Viðauki

Spá Vegagerðarinnar, Asplan og Hagfræðistofnunar um heildarumferð um Hvalfjörð á árunum 1991 til 2050 m.v. árið 1996 sem opunarár ganganna. Þar kemur fram spá um umferðaraukningu, umferð í lofti, umferð á sjó, umferð um Hvalfjörð og umferð um göngin.

Umferðarspá

Umferðaraukning

Eðlileg, árleg umferðaraukning:

Orsöknuð umferð:

Samtals:

Samsetfnad:

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998
	2,2%	2,2%	2,2%	2,2%	2,2%	2,2%	1,7%	1,7%	1,7%
	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,0%	3,6%	3,2%
	2,2%	2,2%	2,2%	2,2%	2,2%	2,2%	5,8%	5,4%	5,0%
	2,2%	4,4%	6,7%	9,1%	11,5%	13,9%	20,5%	27,0%	33,3%

Umferð í lofti

Létur bílar (2,59 einst. í bfl)

Par af þungir bílar (meðalburðarg. 6 tonn)

	54	55	56	57	59	60	61	63	64
	15	15	15	16	16	16	17	17	17

Umferð á sjó

Létur bílar (2,59 einst. í bfl) frá Akrahorg

Þungir bílar (meðalburðarg. 6 tonn)

Þungir bílar frá Akrahorg

	155	158	161	165	169	172	176	201	205
	172	176	180	184	188	192	196		
	19	19	19	20	20	21	21		

Umferð um Hvalfjörð

Þungabífreidbar:

Létur bífreidbar í av.sk.

Létur bfr:

Samtals:

	35	36	37	37	38	39	40	40	41
	23	24	24	25	25	26	26	27	27
	228	233	238	243	249	254	259	263	267
	286	292	299	305	312	319	324	330	335

Umferð um Hvalfjarðargöng

Til og frá Akrahorg

Þungabífreidbar:

Létur bífreidbar í av.sk.

Létur bfr:

	44	45	46	47	48	49	52	55	57
	172	176	180	184	188	192	203	214	224
	297	304	310	317	324	331	350	369	387

Til og frá öðrum stöðum

Þungabífreidbar:

Létur bífreidbar í av.sk.

Létur bfr:

	54	55	56	58	59	60	64	67	70
	238	243	249	254	260	265	281	296	310
	440	450	460	470	480	491	519	547	574

Samtals í gegnum göngin:

Par af þungar bífreidbar:

Par af létur bífreidbar:

	1,245	1,272	1,300	1,329	1,358	1,388	1,468	1,547	1,624
	98	100	102	105	107	109	116	122	128
	1,147	1,172	1,198	1,224	1,251	1,279	1,353	1,425	1,496

Heildarumferð um Hvalfjörð B:

Heildarumferð S+F+B:

	1,531	1,565	1,599	1,634	1,670	1,707	1,792	1,877	1,959
	1,926	1,969	2,012	2,056	2,101	2,148	2,243	2,157	2,245

1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
1,7%	1,7%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	0,4%	0,4%	0,4%
2,8%	2,4%	2,0%	1,6%	1,2%	0,8%	0,4%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
4,5%	4,1%	3,0%	2,6%	2,2%	1,8%	1,4%	1,0%	1,0%	1,0%	1,0%	0,4%	0,4%	0,4%
39,3%	45,1%	49,4%	53,2%	56,6%	59,3%	61,5%	63,0%	64,5%	66,1%	67,7%	68,3%	68,9%	69,5%
65	67	68	70	71	73	75	76	78	80	81	83	85	87
18	18	19	19	19	20	20	21	21	22	22	23	23	24
209	214	219	224	229	234	239	244	249	255	260	266	272	278
42	42	43	43	44	44	45	45	45	46	46	46	47	47
27	28	28	28	29	29	29	30	30	30	30	30	31	31
272	277	279	282	285	287	290	293	295	298	301	302	303	304
341	347	350	354	357	360	364	367	371	374	378	379	380	382
60	62	64	66	67	69	70	70	71	72	72	72	73	73
234	244	251	258	263	268	272	274	277	280	282	283	284	285
405	422	434	445	455	463	469	474	478	483	487	489	491	492
74	77	79	81	83	84	85	86	87	88	89	89	89	90
324	338	348	357	365	371	376	380	383	387	391	392	393	395
600	625	643	660	674	686	695	702	708	715	722	724	727	730
1,697	1,768	1,820	1,867	1,907	1,941	1,967	1,986	2,005	2,024	2,043	2,050	2,057	2,064
134	139	143	147	150	153	155	156	158	159	161	161	162	162
1,564	1,629	1,677	1,720	1,757	1,788	1,812	1,829	1,847	1,864	1,882	1,889	1,895	1,902
2,038	2,115	2,170	2,220	2,264	2,301	2,331	2,353	2,375	2,398	2,421	2,429	2,437	2,446
2,331	2,414	2,476	2,533	2,583	2,627	2,664	2,694	2,724	2,754	2,784	2,801	2,818	2,835

2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%
0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%
0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%	0.4%
70.0%	70.6%	71.2%	71.8%	72.4%	73.0%	73.7%	74.3%	74.9%	75.5%	76.1%	76.7%	77.3%
89	91	93	95	97	99	101	103	106	108	110	113	115
24	25	25	26	26	27	28	28	29	29	30	31	31
284	290	297	303	310	317	324	331	338	346	353	361	369
47	47	47	47	48	48	48	48	48	48	49	49	49
31	31	31	31	31	31	31	32	32	32	32	32	32
305	306	308	309	310	311	312	313	314	315	316	317	318
383	384	386	387	388	390	391	393	394	395	397	398	399
73	73	74	74	74	75	75	75	75	76	76	76	76
286	287	288	289	290	291	292	293	294	295	296	297	298
494	496	498	499	501	503	505	506	508	510	512	514	515
90	90	90	91	91	91	92	92	92	93	93	93	94
396	397	399	400	402	403	404	406	407	409	410	412	413
